Fylkir

72. árgangur | 3. tölublað | Jólin 2020

Fylkir óskar lesendum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Áttatíu bátar úr Eyjavör,
áttahundruð kempur í hverri för,
stundum í roki og stórum sjó,
stundum í logni og sléttum sjó.
Sjómenn, sjómenn glaðir,
súpum nú heillaskál.

Þannig hefjast Formannavísur Ása í Bæ.

Á sjómannadaginn árið 1957 kom Siggi Vídó til Ása og bað hann um vísur fyrir ballið eða „heimtaði“, að sögn Ása. Ekki þorði Ási að neita þessum 300 kílóa skrokki þegar hann reyndi að koma koníaki ofan í hann fyrir hádegi til að fá sitt fram, eins og Ási gantaðist með. Því hélt hann upp í hraun með koníakið og samdi vísurnar þar.

Ljósmyndina tók Jói Myndó af styttu Ása í Bæ sem gerð var af Áka Gränz að beiðni Árna Johnsen. Ísfélag Vestmannaeyja annaðist uppsteypu verksins í kopar og frágang með dyggri aðstoð starfsmanna fiskimjölsverksmiðju félagsins. Þannig höldum við minningu þessara kappa lifandi.

Við óskum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.
Stofnað 1901

RÝMI OFNASMIÐJAN

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

HANGCHA FORKLIFT TRUCK

Lyftarar og léttitæki

Rafmagnsstaflarar

Rafmagnstjakkar

Brettatjakkar galvaníseraðir

Rými ehf. | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Bæjarstjórn Vestmannaeyja færir
öllum Vestmannaeyingum
nær og fær bestu óskir um

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
með þökk fyrir það liðna

Vestmannaeyjabær

EFNISYFIRLIT

Bls. 5 ***Virðulegt Guðshús með mikla og fjölbreytta sögu***
Landakirkja 240 ára - Arnar Sigurmundsson

Bls. 7 ***Skemmtilegast að vinna með kórnum***
segir Kitty Kovács, organisti og stjórnandi Kórs Landakirkju - Sigurgeir Jónsson

Bls. 9 ***Dagbókafærslur lundaveiðimanna í Elliðaey***
- Ívar Atlason

Bls. 13 ***Laufás - höfuðból í Vestmannaeyjum***
- Helgi Bernódusson

Bls. 19 ***Athafnalífið og náttúran í Eyjum hafði hvetjandi og skapandi áhrif***
Eyjamaðurinn Einar Elíasson, byggingameistari og iðnrekandi á Selfossi, flugmaður, frumvöðull og eigandi rörafyrirtækisins Set hf.
- Ómar Garðarsson

Bls. 23 ***Fiskhellar og Þorlaugargerðishilla***
- Baldur Þór Þorvaldsson

Bls. 27 ***Látnir kvaddir*** *- Myndir af fólki sem búið hefur í Vestmannaeyjum í lengri eða skemmri tíma og lést á árinu.*

Myndir í blaðinu:
Forsíðumynd: *Sæþór Vídó.*
Aðrar myndir: Úr einkasöfnum, Óskar Pétur Friðriksson og Ljósmyndasafn Vestmannaeyja.

Jólahugleiðing:

Nú fagna himins englar

SR. KJARTAN ÖRN SIGURBJÖRNSSON

Ég get ekki sagt að ég muni það eins og það hefði gerst í gær þegar 200 áravígsluafmæli Landakirkju var minnst á hvítasunndag árið 1980. En það man ég að það var góður dagur og margt fólk tók þátt í hátíðinni. Góðir gestir komu ofan af landi og Vestmannaeyingar fjölmenntu til kirkju.Landakirkja fékk góðar gjafir frá velunnurum kirkjunnar en dýrmætast var að finna góðan hug bæjarbúa til kirkjunnar og þess var minnst hvað Landakirkja hefur verið stór þáttur í lífi Vestmannaeyinga á stærstu stundum lífsins í gleði og sorg.

En þó að ég muni ekki margt man ég þó vel að Kór Landakirkju, einsöngvarar og hljómsveit undir stjórn Guðmundar H. Guðjónssonar, stórvinar míns og samstarfmanns árin í Landakirkju, fluttu undurfallega tónlist, Mariezellermesse, eftir Hayden. Það var stórvirki sem tekið var eftir og ótrúlegt afrek. Sigurbjörn biskup Einarsson stóð upp í kirkjunni eftir flutninginn og þakkaði fyrir sig og um leið okkur öll sem nutum tónlistarinnar og hann sagði eitthvað á þá leið að þó að við vissum ekki hvað biði okkar í himnaríki Guðs þá væri hann fullviss um að þar væri tónlist. Annað gæti ekki verið.

Gamall maður kom með fólkinu sínu, börnum og barnabörnum, til Landakirkju á jólum. Hann nam staðar í anddyrinu og sagði prestinum frá því þegar hann hefði komið til kirkjunnar á jólum sex ára gamall með foreldrum sínum og afa og ömmu og horfði inn í ljósum prýdda kirkjuna þá hefði hann sagt við sjálfan sig; svona er himnaríki.

Kynslóðir koma og kynslóðir fara. Kynslóðir Vestmannaeyinga hafa komið í Landakirkju á liðnum öldum og ekki síst á jólum þegar við fögnum þeim góða boðskap að frelsari er fæddur. Það hefur verið eðlilegur þáttur í jólahaldi fjölmargra. Á jólum viljum við heyra gömlu góðu sálmanna og jólaguðspjallið um barnið sem fæddist í Betlehem.

Ég gerði það að vana mínum að rétt áður en jólin voru hringd inn fór ég upp í turn Landakirkju og horfði út um gluggana og fylgdist með fólki streyma prúðbúið til kirkju. Fjölskyldur saman. Fólk á öllum aldri. Það var hátíð í bæ og fólkið óskaði hvert öðru gleðilegra jóla. Við vorum öll með einum huga og komin til Landakirkju til að heyra enn og aftur söguna hugljúfu um barnið sem fæddist í Betlehem og taka undir í sálminum Heims um ból og finna þann samhljóm sem tengir okkur saman við fólk nær og fjær.

Boðskapurinn sem berst okkur frá Betlehem minnir okkur stöðugt á að Guð er kærleikur og að við, sem viljum vera hans, eigum að þjóna lífinu og elska Guð með því að elska náungann. Og í því samhengi er náunginn alveg sérstaklega hvert mannsbarn sem þarf á aðstoð okkar að halda. Það ætti að vera bæn okkar alla daga að Guð leiði okkur til þeirra sem þurfa á okkur að halda. Við erum sannarlega ekki fullkomin og þurfum stöðugt að minna okkur á að vera ekki sjálfhverf og eigingjörn.

Og himininn stóð opinn á jólanótt þegar Geir Jón söng Ó, helga nótt, - og kórinn tók undir - Föllum á kné / nú fagna himins englar,/ Frá barnsins jötu blessun streymir, / blítt og hljótt til þín, - og friður Guðs fylltu Landakirkju.
Elska og friður Guðs umvafði okkur hvert og eitt og heims um ból. Jólin eru hátíð barnanna, hátíð fjölskyldunnar og minninganna, hátíð þakklætis og örlætis. En umfram allt hátíð vonarinnar. Senn er þetta ár á enda runnið. Það hefur reynst mörgum þungt í skauti en við horfum bjartsýn til framtíðar og treystum því að nýtt ár verði gott og gjöfult og færi okkur nær hvert öðru og mannkynið áfram veginn á guðsríkisbraut. Það er gott að rifja upp góðar minningar og ég er þakklátur fyrir ótal margar góðar og gefandi stundir í Landakirkju með góðu fólki á öllum aldri.

Við Katrín og fjölskylda okkar sendum vinum okkar í Eyjum og Vestmannaeyingum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Fylkir

ÚTGEFANDI:
Eyjasýn hf. fyrir hönd Sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum

RITNEFND: Eyþór Harðarson, ábm., Arnar Sigurmundsson, ritstjóri Jarl Sigurgeirsson, Gísli Stefánsson, og Thelma Hrund Kristjánsdóttir.

UMBROT: Eyjasýn hf. Vestmannaeyjum
PRENTUN: Landsprent ehf.
UPPLAG: 2000 eintök

BLAÐINU ER DREIFT Í ÖLL HÚS Í VESTMANNAEYJUM OG AUK ÞESS SENT VÍÐA UM LAND OG SELT Í LAUSASÖLU Á KLETTI, VESTMANNAEYJUM. ÞAÐ VERÐUR EINNIG AÐGENGILEGT Á EYJAFRETTIR.IS ÚT JANÚAR 2021

Óskum starfsfólki, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Áramótalokun Set verður frá og með
19. desember 2020 til og með 3. janúar 2021.

Set ehf. stundar vöruþróun og framleiðslu og veitir tækniráðgjöf og þjónustu á sviði lagnaiðnaðar, einkum á veitusviði. Fyrirtækið rekur verksmiðjur á Selfossi og í Haltern am See í Þýskalandi og hefur ISO 9001 gæðavottun og viðurkenningu Euro Heat & Power í Evrópu.

Set ehf • Röraframleiðsla

Landakirkja 240 ára

Virðulegt Guðshús með mikla og fjölbreytta sögu

ARNAR SIGURMUNDSSON

Á árinu 2020 eru liðin 240 ár frá því byggingu Landakirkju lauk. Smíðin hófst 1774 og var lokið 1780. Samkvæmt manntali árið 1787 voru íbúar í Eyjum aðeins 236. Áhrifa Tyrkjaránsins 1627 og sú gríðarlega blóðtaka sem því fylgdi gætti enn . Kirkjan á Fornu-Löndum sem var timburkirkja byggð 1573 var brennd til kaldra kola í Tyrkjaráninu, en áður tókst að bjarga kirkjuklukkum. Samfélagið var í sárum, ríflega helmingur íbúa í 450 manna samfélagi var rænt og fluttir nauðugir til Algiersborgar og seldir á uppboði.Meira en 30 íbúar voru drepnir áður en haldið var frá Eyjum. Tyrkjaránið 1627 og afleiðingar þess sköpuðu gríðarleg vandamál fyrir byggðina í Eyjum sem tók aldir að vinna úr.

Þessum skelfilega atburði í sögu Íslands eru gerð mjög góð skil í nýrri og veglegri útgáfu Reisubókar séra Ólafs Egilssonar, prests á Ofanleiti ásamt öðrum textum sem tengjast Tyrkjaráninu. Reisubókin kom út í haust og er þar að finna grein Kára Bjarnasonar forstöðmanns Safnahússins. Þar kemur fram að aðeins 20 manns af um 240 sem rænt var áttu afturkvæmt til Eyja árið 1636, níu árum eftir ránið, sautján konur og þrír karlar. Á þessum tíma og raunar allt til 1874 voru Vestmannaeyjar í eigu Danakonungs sem framleigði einokunar verslunina til kaupmanna í Kaupmannahöfn. Hér verður reynt að stikla á stóru í sögu Landakirkju.

Fjórar timburkirkjur 1573-1780

Árið 1631 fjórum árum eftir Tyrkjaránið 1627 var byggð timburkirkja í suðvestur hluta núverandi kirkjugarðs. Bænahúsin á Kirkjubæ og Ofanleiti frá 1573 þjónuðu á meðan þeim tæplega 200 íbúum sem þá voru eftir. Þessi timburkirkja entist ekki mjög lengi. Árið 1722 var reist önnur timburkirkja á sama stað og loks sú þriðja 1749 á sama stað. Hægt er með nokkurri vissu að finna út hvar þessar þrjár kirkjur voru staðsettar í kirkjugarðinum. Staðsetning legsteins Ólafs Egilssonar prests á Ofanleiti sem lést 1639 var í suðvestur hluta garðsins segir til um það. Legsteinninn sem var færður um 1970 ásamt nokkrum gömlum legsteinum sem voru að hverfa í moldina var komið fyrir vestan við þjónustuhús kirkjugarðsins. Legsteini séra Ólafs Egilssonar var árið 2007 komið fyrir í anddyri Landakirkju, þar sem gengið er niður í safnaðarheimilið þegar minnst var að 380 ár voru liðin frá Tyrkjaráninu.

Bygging Landakirkju 1774-1780

Þannig var staðan þegar undirbúningur nýrrar Landakirkju hófst. Í nóvember 1773 samþykkti Danakonungur teikningu og áætlun Georgs David Anthons (1714-1781) sem var aðalhúsameistari dönsku hirðarinnar frá 1759 til dánardags. Það var ekki sjálfgefið að reist væri steinkirkja í Vestmannaeyjum og af þeirri ástæðu voru lagðar fram tvær nær eins teikningar, önnur af steinkirkju og hin af timburkirkju, báðar teikningarnar eftir David Anthon. Þrátt fyrir að steinkirkjan væri umtalsvert dýrari var ákveðið byggja kirkjuna úr mjög þykkum grunnmúruðum mársteins útveggjum. Byggingu Landakirkju sem hófst í ágúst 1774 lauk að mestu 1778 en framkvæmdum var formlega lokið 1780. Bygging Landakirkju kostaði mun meira en áætlun gerði var ráð fyrir. Miklar líkur benda til þess að meira hafi verið lagt í byggingu Landakirkju 1774-1780 af þeim ástæðum að Vestmannaeyjar voru þá í eigu Danakonungs og vegna þeirra hörmunga sem gengið höfðu yfir Eyjarnar.



Miklar endurbætur og breytingar 1856-2005

Í gegnum tíðina hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á Landakirkju. Upphaflega var kirkjan ekki með turn, en klukknahljóma fluttar þangað. Eldri klukkan frá 1617 var bjargað í Tyrkjaráninu og hin frá 1743. Predikunarstóll sem var sunnan megin inni í kór var fluttur yfir altarið og er það fátítt hérlendis. Þá voru settar svalir fyrir vesturenda þar sem orgelið er í dag og svalir með einfaldri sætaröð fram með langveggjum að norðan og sunnan. Þetta voru port stóð vestan við kirkjuna og engin forkirkja. Árin 1853-1860 í embættistíð von Kohls sýslumanns(1815-1860) sem var mikill framfarasinni var sneytt af burstum báðum megin, reistur tréturn á kirkjuna, og klukkurnar sem enn í heild miklar framkvæmdir sem innandyra standa enn að hluta. Árið 1903 voru gluggar í kirkjunni stækkaðir niður og reist lítil forkirkja -inngangur úr timbri og lokað fyrir dyr inn í kór norðan megin við austasta gluggann.

> *Það var ekki sjálfgefið að reist væri steinkirkja í Vestmannaeyjum og af þeirri ástæðu voru lagðar fram tvær nær eins teikningar, önnur af steinkirkju og hin af timburkirkju, báðar teikningarnar eftir David Anthon. Þrátt fyrir að steinkirkjan væri umtalsvert dýrari var ákveðið byggja kirkjuna úr mjög þykkum grunnmúruðum mársteins útveggjum.*

Árin 1955-1959 voru gerðar veigamkilar breytingar á Landakirkju . Reist var ný forkirkja og turn. Jafnframt voru sæti og gólf endurnýjuð. Teikningu af nýrri og myndarlegri forkirkju sem fellur vel að eldri hluta kirkjunnar gerði Ólafur Á. Kristjánsson, (bæjarstjóri 1946-1954) frá Heiðarbrún og ber hún meistara sínum fagurt vitni. Árið 1990 var safnaðarheimili vígt við Landakirkju en einnig er innangengt í það úr Landakirkju. Viðbyggingu við safnaðarheimilið var lokið 2005. Þessar framkvæmdir hafa gjörbreytt vinnuaðstöðu starfsfólks, safnaðarstarfi og kirkjulegum athöfnum. Teikningar af safnaðarheimilinu gerði Páll Zóphóníasson, tæknifræðingur ((bæjarstjóri 1976-1982). Það er því mjög sérstakt og skemmtilegt að þeir sem teiknuðu stækkun og breytingar á Landakirkju skuli báðir hafa gegnt starfi bæjarstjóra í Eyjum. Þess má einnig geta að Ólafur Á. Kristjánsson teiknaði 1946 veggina sem setja mikinn og klassískan svip á austur- og suðurmörk mörk lóðar Landakirkju. Í eldgosinu á Heimaey 1973 urðu mjög litlar skemmdir á Landakirkju og ekki var hreyft við neinum hlutum í Landakirkju. Kirkjulegar athafnir hófust strax eftir að tilkynnt var að gosinu væri lokið 3. júlí 1973.

Eitt af því sem gerir Landakirkju einstaka á landsvísu er að hún mun vera fyrsta sóknarkirkjan sem var byggð utan kirkjugarðs. Það hefur verið stór ákvörðun fyrir rúmum 245 árum og lýst mikilli framsýni. Þá skipti einnig miklu að gera ráð fyrir þessari stóru lóð umhverfis Landakirkju þegar lega efsta hluta Kirkjuvegar var færð til suðurs og núverandi tenging við Skólaveg var ákveðin fyrir rúmum 75 árum. Áður endaði Kirkjuvegurinn fast meðfram suðurhlið Landakirkju.

Öflugt safnaðarlíf í þúsund ár

Mikið safnaðarlíf hefur fylgt íbúum Vestmannaeyja, allt frá því að fyrstan kirkjan á Íslandi var reist í Eyjum norðan vogsins nálægt Neðri-Kleifum í Heimakletti við kristnitökuna árið 1000. Gera má ráð fyrir að erfið sjósókn á árabátum og tíð sjóslys við Eyjar hafi þar átt sinn þátt. Eftir miðja nítjándu öld gerðust fjölmargir Eyjabúar Mormónatrúar og fluttust til Utah. Það var ekki auðvelt fyrir veraldleg og kirkjuleg yfirvöld að fást við stöðuna þegar umtalsverður fjöldi af bæjarbúium skipti um trú og fluttist á nokkrum áratugum til fyrirheitna landsins. Munu um 200 manns hafa flutt frá Eyjum til Utah frá 1854 -1900. Árið 1850 rétt áður en flutningar hófust til vesturheims voru íbúar í Eyjum 404 samkvæmt húsvitjunarbók Vestmannaeyja. Aftur á móti gerðist það að fólk ofan af landi flutti til Eyja og flutti laust húsnæði og fyllti í skörðin. Þá má ekki gleyma því að um 1850 hafði tekist hafði að ráða niðurlögum stífkrampans hins skæða sjúkdóms sem lagðist á ungabörn og ríkt hafði um langan tíma í Eyjum.

Trúarlíf hefur ávallt verið mikið í Eyjum. Hér var Hvítasunnuhreyfingin á Íslandi stofnuð fyrir heilli öld og nokkru síðar hófst hér safnaðarstarf Aðventista. Samgöngur við Ísland á fyrstu áratugum tutt-

ustu aldar voru mjög stopular, en skipin sem komu frá Evrópu einkum Danmörku höfðu mörg hver fyrsta og síðasta viðkomustað í Vestmannaeyjum. Vestmanaeyjar gátu því verið fyrsti viðkomustaður útlendinga á leið sinni til og frá landinu það hafði sín áhrif á trúarlíf og erlend áhrif á tónlist urðu meiri hér í Eyjum en annarstaðar.

48 prestar frá 1550 -2020

Frá siðaskiptum 1550 hafa 48 prestar gegnt prestsþjónustu í Vestmannaeyjum. Þar á meðal eru margir merkir prestar og kennimenn sem hafa sett svip sinn á samtíðina. Í Tyrkjaráninu var séra Jón Þorsteinsson, (1570-1627) prestur og sálmaskáld á Kirkjubæ veginn og Ólafur Egilsson (1564-1639) prestur á Ofanleiti fluttur í skip ásamt fjölskyldu sinni og fyrr er getið. Það er ekki sjálfgefið að prestar, leiðtogar safnaðarins á hverjum tíma falli vel inn í bæjarfélagið og taki beinan þátt í gleði og sorgum bæjarbúa. Það hefur verið styrkur okkar samfélags að svo hefur verið og hefur það eflt safnaðarstarfið og samskiptin við önnur trúfélög í Eyjum. Öflugt kórstarf hefur fylgt Landakirkju í langan tíma og hafa organistar kirkjunnar jafnan verið kórstjórar og leitt starfið. Prestar safnaðarins, Guðmundur Örn Jónsson sóknarprestur og Viðar Stefánsson safnaðarprestur hafa leitt safnaðarstarfið af miklum myndarskap með góðri aðstoð annars starfsfólks og kórs Landakirkju. Starf Sóknarnefndar hefur jafnan verið öflugt og hefur þurft mikla útsjónarsemi að standa undir miklum framkvæmdum á síðustu áratugum án þess að steypa kirkjunni í of miklar skuldir. Núverandi formaður sóknarnefndar er Andrea Atladóttir, en hana skipa 14 manns , níu konur og fimm karlar.

240 ára afmæli Landakirkju

Þegar styttast fór í 240 ára afmæli Landakirkju var ákveðið í Sóknarnefnd að minnast þessa atburðar síðsumars 2020 með ýmsum hætti. Jafnframt var ákveðið að fara í skipti á þakefni á hluta safnaðarheimilis sem var farið að gefa sig, steypa nýjan vegg í stað þess gamla á vesturhluta lóðar,sem ekki var viðgerðarhæfur. Þá var farið í múrviðgerðir á austur –og suðurveggjum lóðarinnar. Síðan voru þeir málaðir ásamt Safnaðarheimilinu að utan. Þessi verkefni voru að hluta unnin í sjálfboðavinnu af sóknarnefnd og starfsfólki kirkjunnar og með fjárstuðningi sjóða og fyrirtækja fyrir efniskaupum og vinnu. Iðnaðarmenn unnu við þak Safnaðarheimilis og að byggja nýjan vegg við Vallargötu. Þessum framkvæmdum er nú nánast lokið. 240 ára afmælishátiðar Landakirkju hefur verið frestað í tvígang vegna COVID19 og ekki verið tekin ákvörðun í Sóknarnefnd hvort og með hvaða hætti hún fer fram. En öflugt átak í viðhaldi og endurbótum á lóð Landakirkju og Safnaðarheimili er að baki eins og stefnt var að á afmælisárinu. Landakirkja þetta virðulega og mikla guðshús og öflugt safnaðarstarf er eitt af því sem við Eyjamenn megum vera stoltastir af.

Arnar Sigurmundsson
greinarhöfundur á sæti í Sóknarnefnd Landakirkju.

.....

Heimildir: Kirkjur Íslands, 11. bindi útg. 2008, Reisubók Ólafs Egilssonar, útg. 2020, Steinhúsin gömlu á Íslandi útg. 1978, bæklingar, stutt ágrip af Kirkjusögu Vm. útg. 1980 og 1990 útg. ofl. heimildir.

Gömul ljósmynd af Landakirkju tekin af Danél Bruní lok 19. aldar. Búið er að setja áttstrendan þakturn á kirkjuna, gera stafnana beina upp úr í staðinn fyrir hálfsneiðinga, og setja glavaníserað járn á þakið. Auðséð er að á þessum tíma hafa verið tréhlerar fyrir gluggum. Þegar myndin er tekin fyrir rúmum 120 árum var engin byggð nálægt Landakirkju. Athyglisvert að sjá mynd af prúðbúna konu í forgrunni.



Myndin er tekin milli 1930-40 og sýnir Barnaskólann og Landakirkju en þá var stakkstæði á svæðinu verstan kirkjunnar að Vallargötu.



Landakirkja eins og við þekkjum hana í dag.

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól
HS VÉLAVERK
HJÓLBARÐASTOFAN
VB DEKK EHF.
SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN FERROZINK

Skemmtilegast að vinna með kórnum

segir Kitty Kovács, organisti og stjórnandi Kórs Landakirkju

SIGURGEIR JÓNSSON

Landakirkja hefur gegnum tíðina haft marga organista og kórstjórnendur. Núverandi organisti og kórstjóri, Kitty Kovács, kom hingað árið 2011 en hún er ungversk og hafði dvalið á Íslandi í fimm ár áður en hún flutti hingað. Kitty er afskaplega elskuleg kona og viðræðugóð en einnig ákveðin í því sem hún tekur sér fyrir hendur í starfi kórsins. Við settumst niður með henni í nóvemberbyrjun til að fræðast eilítið um uppruna hennar og störf.

Ákvað sjö ára að verða píanóleikari

„Ég er fædd 1980 í Győr í Ungverjalandi, borg sem er ekki langt frá Búdapest, um það bil klukkutíma akstur þangað frá höfuðborginni," segir Kitty. Móðir mín lést fyrir tíu árum en pabbi er enn á lífi, kominn á eftirlaun og býr enn í Győr. Og ég á tvö systkin, bróður sem býr í Bandaríkjunum og systur sem býr í Ungverjalandi. Ég hef töluvert samband við ættingja mína og vini, fer t.d. tvisvar á ári til Ungverjalands."

Kitty segist hafa byrjað að læra á píanó sjö ára gömul. „Og ég held að ég hafi fljótlega ákveðið að verða píanóleikari," segir hún og brosir við. „Ég fór í Tónlistarskólann í Győr, svo framhaldsnám í tónlist, síðan í áframhaldandi tónlistarnám í háskólanum þar. Árið 2003 útskrifaðist ég frá háskólanum sem píanókennari og hljóðfæraleikari og hélt áfram námi við akademíuna í undirleik. Næstu þrjú árin starfaði ég svo sem undirleikari í Ungverjalandi."

En árið 2006 tók svo lífið nýja stefnu. Kitty kom til Íslands og byrjaði að kenna, fyrst á Hvolsvelli og Vík í Mýrdal en síðan í Garðabæ og svo í Vestmannaeyjum þar sem hún er enn. Og þá vaknar spurningin: Af hverju Ísland?

„Já, það er góð spurning," segir Kitty og brosir sínu fallega brosi. „Ég ætlaði að vera áfram heima í Ungverjalandi en svo var auglýst eftir kennara á Íslandi og ég ákvað að slá til og prófa það í eitt ár en þau áttu nú eftir að verða fleiri."

Leist vel á staðinn

Og þá vaknar önnur spurning. Af hverju Vestmannaeyjar?

„Þegar ég var nýkomin til Íslands fór ég í ferð til Vestmannaeyja og leist strax vel á staðinn. Svo var árviss ein ferð á ári hingað upp frá því. Þegar svo var auglýst eftir organista og kórstjóra við Landakirkju, ákvað ég að sækja um og var ráðin. Ég hafði reyndar leyst Guðmund organista af nokkrum sinnum og þekkti því nokkuð til."

Kitty Kovács á heimavelli, við orgelið í Landakirkju.

Starfsmenn Landakirkju. Frá vinstri, Gísli Stefánsson æskulýðsfulltrúi, Halldór Hallgrímsson, kirkjugarðsvörður og staðarhaldari, Kitty Kovács organisti og kórstjóri, sr. Guðmundur Örn Jónsson sóknarprestur og sr. Viðar Stefánsson prestur.

Nú ert þú lærður píanóleikari. Var það mikið verk að bæta orgelleiknum við?

„Nei, það var ekki erfitt. Mér fannst mjög spennandi að skipta yfir og þetta kom svo allt með tíma og æfingu," segir Kitty.„Svo byrjaði ég líka að læra á fiðlu eftir að ég kom til Eyja og það er líka skemmtilegt og spennandi."

Og hvernig líkar þér svo að vera kórstjórnandi í Vestmannaeyjum?

„Það er mjög gott að vera hér," segir Kitty. Gott fólk í kórnum og kórinn er mjög aktífur, fólk hefur gaman af því sem það er að gera. Þetta er líka mjög samheldinn hópur sem hefur ánægju af alls kyns uppákomum og ferðalögum. Við höfum farið í tvær utanlandsferðir, fyrst til Ungverjalands og Vínarborgar og svo aftur til Ungverjalands. Síðasta sumar var svo búið að skipuleggja ferð til Frakklands en covidfárið kom í veg fyrir hana svo að hún verður að bíða. Vonandi komumst við næsta sumar."

Vonaðist til að geta haldið jólatónleikana

Jólatónleikar í desember hafa verið árviss viðburður hjá Kór Landakirkju um margra ára skeið og margir bæjarbúar sem ekki sleppa þeim viðburði. En núverandi ástand skekkir nokkuð þá mynd og nú ljóst að þeir verða ekki haldnir í ár. Hvað segir Kitty um það?

Ég er í eðli mínu jákvæð og bjartsýn og var að vona að við gætum haldið þá. En aðalvandamálið er fjöldatakmörkunin. Við byrjuðum að æfa fyrir þessa tónleika í september í þeirri von að geta haldið þá. Þessir tónleikar tilheyra jólahaldinu hjá svo mörgum."

Hvað finnst svo Kitty skemmtilegast við það að búa í Vestmannaeyjum? „Skemmtilegast finnst mér að vinna með kórnum. Náttúran er líka ákaflega falleg hérna og fólkið gott sem býr hér. Og ég finn ekki fyrir þeirri einangrun sem sumir eru að tala um vegna samgangna. Reyndar vinn ég mikið og þarf ekki oft að fara upp á land. Reyndar vantar hér góð hljóðfæri, bæði orgel og píanó, sem ég sakna og vona að rætist úr."

Kitty talar prýðisgóða íslensku. Hvernig var að ná tökum á málinu sem er gjörólíkt hennar móðurmáli, ungverskunni?

„Ég ákvað að læra málið strax og ég kom til landsins. Ég lærði fyrst af krökkunum sem ég var að kenna og svo þróaðist þetta áfram. Mér hefur alltaf fundist gaman að læra tungumál. Og ég er enn að læra," segir Kitty og brosir sínu fallega brosi..

Kitty segir að ekki sé í raun mikill munur á jólahaldi hér og í Ungverjalandi. „Þar er haldið upp á aðfangadagskvöld eins og hérna. Og á jóladag og annan í jólum koma svo fjölskyldur og vinir saman. Það má segja að mín jól séu jólatónleikar kórsins og svo það að fara til Ungverjalands eftir áramót. Og ég óska öllum gleðilegra jóla," segir Kitty Kovács, hinn geðþekki stjórnandi Kórs Landakirkju.

og gæfuríkt komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.

marhólmar

900 GRILLHÚS

SV

RA.GÍ ehf

GLEÐILEGA HÁTÍÐ
TAKK FYRIR GÓÐAR VIÐTÖKUR Á LIÐNU ÁRI
HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!
Íslyft ehf
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur - sími

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!
VÍS

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!
SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Dagbókafærslur lundaveiðimanna í Elliðaey

GREINARHÖFUNDUR:
ÍVAR ATLASON

Sá skemmtilegi siður, að rita dagbók, getur í senn verið skráning sem seinna meir mun hafa mikið menningalegt gildi og einnig lýst lífinu og þeim þjóðfélagsháttum sem við lýði voru þegar dagbókin var rituð.

Í úteyjum Vestmannaeyja, þar sem veiðifélög hafa verið starfandi í áratugi, hefur þessi siður víða tíðkast. Ekki veit ég nákvæmlega hvernig þessi ritun hefir verið viðhöfð hjá öðrum veiðifélögum, en út í Elliðaey, hófst ritun dagbókar árið 1974. Að sjálfsögðu nær skráning á lundaveiði, sóknum og gestabók mikið lengra aftur í tímann.

Það var Marinó Sigursteinsson pípulagningameistari og meðlimur í Veiðifélagi Elliðaeyjar sem lagði það til að ritun dagbókar í Elliðaey hæfist. Þetta væri skemmtilegur siður, og var það samþykkt hjá félaginu. Fyrstu dagbókina gaf Pétur Guðjónsson frá Kirkjubæ þann 12. júlí 1974 í tilefni af 72 ára afmæli sínu.

Á þessari tæpu hálfri öld hafa nokkrar dagbækur orðið til, þar sem búið er að skrifa í hverja blaðsíðu og geyma merkilegar heimildir yfir lundaveiði, viðveru félaga í eynni, sóknir félaga (þegar sókningsbáturinn náði í lunda, sótti lundaveiðimenn sem búnir voru að dvelja, fór með kost og skilaði af sér nýjum veiðifélögum sem tóku við af þeim sem heim fóru) sem nú, ef þeir eru ekki komnir í sumarlandið, búa við allt annað þjóðfélag miðað við það sem áður var. Dagbækur þessar hafa verið út í Elliðaey frá því byrjað var að rita þær.

Kári Bjarnarson forstöðumaður bókasafns Vestmannaeyja viðraði þá hugmynd við úteyjafélögin að koma þessum dagbókum til safnsins, þar sem þær verða skannaðar inn og frumritin varðveitt á viðeigandi hátt, en afrit verði í úteyjunum. Sú vinna er hafin og allar dagbækur utan úr Elliðaey eru komnar í land eins og sagt er. Hér á eftir verður vitnað í valdar dagbókarfærslur sem lýsa tíðaranda þess tíma. Til hægðarauka er sá háttur hafður á að þegar vitnað er beint í dagbækurnar er textinn feitletraður.

Á fyrstu blaðsíðu, fyrstu dagbókar Elliðaeyjarfélagsins stendur þetta:

Elliðaey 12. júlí 1974
Þessa dagbók gefur Pétur Guðjónsson Kirkjubæ Vestmannaeyjum í tilefni af sjötugasta og öðru afmælisári hans. Í tilefni af þessu óskum við Elliðaeyingar honum hjartanlega til hamingju með þennan áfanga, og þar með hefst þetta lundaveiðitímabil á ellefu alda afmæli Íslandsbyggðar. Megi Guð og gæfa fylgja Pétri og félögum á þessari braut.

Á góðri stundu í Hábarði Elliðaey, frá vinstri Þórarinn Guðjónsson Kirkjubæ, Hávarður Birgir Sigurðsson, Guðmundur Guðjónsson Presthúsum og Kristófer Guðjónsson Oddstöðum.

Lundaveiði

Menn hafa greinilega verið duglegir að skrá lundaveiðina í dagbókina. Þar kemur fram hvað mikið var veitt og hvar, einnig veðurlýsingar. Þessar upplýsingar eru í dag mikilvægar fyrir þá sem rannsaka atferli lundans. Einnig er áberandi í dagbókarfærslum frá þessum tíma að eldaður var heitur matur í hádeginu, eins og venja var á þessum tíma á flestum heimilum. Held að ég get fullyrt að flest öll heimili í dag eru hætt að elda heitan mat í hádeginu. En munum við ekki öll eftir læri eða hrygg í hádeginu á sunnudegi!

Nær allur matur var soðinn á þessum tíma, hefðbundinn íslenskur matur. Það var ekki verið að grilla, búa til salat, „nostra" við sósuna eða bera matinn fram með Cabernet Sauvignon frá frönskum berjaökrum eins og tíðkast nú til dags

Fimmtudagur
7. ágúst 1980
Risið úr rekkju kl 07:30. Veðrið var aust-suðaustan kaldi með smá vætu annað kastið. Veitt var í Skorunni og á Nefinu, einnig var kíkt í Hrafnajaðar og Tóti á Kirkjubæ var einhversstaðar nálægt réttinni. Eldað var saltkjöt í hádeginu og voru menn svo saddir af því að kvöldmaturinn var lítill sem enginn, aðeins nokkur kíló af steiktu kjöti með tilheyrandi. Veiðin í dag var 1.180 fuglar. Gaui Hjöll grísaðist á einn Kolapilt á Nefinu í dag. Áætlað er að fara að sofa á eftir ...!

Afmæli í Elliðaey

Þegar gluggað er í dagbækurnar má sjá að stundum kom það fyrir að haldið var upp á afmæli einhvers félaga út í Elliðaey. Oftast var verið að halda upp á afmæli þann 12. júlí og 27. júlí, þessar dagsetningar eru á miðju lundaveiðitímabili og að sjálfsögðu eru skýringar á dagsetningunum.

> *Rokið var fram úr kl.10:00 til að óska afmælisbarninu til hamingju því 12. júlí er Pétur (Guðjónsson) á Kirkjubæ 75 ára. Að því búnu var farið að veiða og fór Pétur í Nálina, Diddi og Mari á Lauphausa og Tóti á Pálsnef, veiði sæmileg. Tóti var með 96 st., Diddi var með 150 st., Mari var með 150 st. Og Pétur var með 200 st., sem sagt afmælisbarnið sló öllum við.*

Pétur Guðjónsson Kirkjubæ var fæddur þann 12. júlí 1902 og Hávarður Birgir Sigurðsson fæddur þann 27. júlí 1934. Þessir kappar dvöldu oftast allan júlímánuð út í Elliðaey við lundaveiðar og voru ekkert að fara heim og halda upp á afmælið á miðju lundaveiðitímabili, það var haldið upp á daginn út í eyju. Alvöru lundakallar þetta, nokkuð sem væri örugglega ekki liðið í dag.

Þriðjudagurinn
12. júlí 1977
Rokið var fram úr kl.10:00 til að óska afmælisbarninu til hamingju því 12. júlí er Pétur (Guðjónsson) á Kirkjubæ 75 ára. Að því búnu var farið að veiða og fór Pétur í Nálina, Diddi og Mari á Lauphausa og Tóti á Pálsnef, veiði sæmileg. Tóti var með 96 st., Diddi var með 150 st., Mari var með 150 st. Og Pétur var með 200 st., sem sagt afmælisbarnið sló öllum við. Um kvöldið kom sókningsbáturinn t/b Latur, fullur af fólki og járni. Kom allt fólkið upp í kofa til að heilsa upp á gamla manninn, var þetta 19 manna hópur af báðum kynjum eins og sést í gestabókinni. Fékk hann miklar gjafir svo sem úr og whisky flösku frá Ellireyingum. Gunna sá um bakkelsið og ístertur og Inga var í kaffinu, var bakkelsinu gert góð skil. Síðan var mikið fjör svo sem ræðuhöld og söngur, fór fólkið að tínast um kl. 23:30. T/b Latur tók lundann sem var tæpar 15 kippur eftir 3 daga. Þegar komið var upp í kofa var skrafað saman til kl. 01:30. Guðlaugur Guðjónsson kom út til að vera.

Sunnudagur
12. júlí 1981
Risið úr rekkju um kl. 08:00. Veður austan 7-8 vindstig. Í dag á aldursforsetinn okkar (Pétur Guðjónsson) afmæli og varð hann 79 ára og er hann nú búinn að vera hér í eynni um 70 sumur og verður það met seint slegið. Strax í morgun flaggaði brytinn og var flaggið haft uppi fram eftir degi. Um kl 18:30 kom t/b Latur með þá Arnbjörn Kristinsson (frá Hvíld) og son hans Árna Geir 10 ára. Með bátnum fóru þeir Hörður og Salem. Aðal veiðin var á

Hávarður Birgir Sigurðsson upptekinn við eldhústörf sumarið 1956.

Gleðileg Jól

Vinnslustöðin óskar starfsmönnum
sínum til lands og sjávar, Vestmannaeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
með ósk um farsæld, frið
og gæfu á nýju ári.

VINNSLUSTÖÐIN HF HAFNARGATA 2 900 VESTMANNAEYJAR VSV@VSV.IS WWW.VSV.IS

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

ora
Öll jól
– Síðan 1952 –

Ora jólasíldin 2020
er komin til byggða!

Landsuðursnefi. Heildarveiði 506 fuglar. Gengið til náða um kl. 23:30.

Föstudagur
27. júlí 1984
Risið úr rekkju um kl. 08:30, enda stór dagur í dag, því Hávarður Birgir Sigurðsson er fimmtugur í dag. Tóti byrjaði daginn með því að flagga fyrir afmælisbarninu. Veður mjög gott miðað við fyrri daga, vestan gola fyrir hádegi en síðan logn og smá sólarglæta. Farið var til veiða eftir gott morgunkaffi en golan stóð stutt við og kroppuðust 257 lundar. Farið var suður á eyju og fuglinn kippaður því það stendur til að senda hann heim á sunnudaginn. Um kl. 20:00 kom t/b Bára með formanninn Guðna Hjöll. Þegar við komum upp í kofa angaði matarlyktin, því nú átti að borða hangikjöt og var það vel þegið. Guðni kom með gjöf frá Elliðaeyjarfélögunum og reyndist það vera gullúr og ein romm. Síðan spjallað til kl. 02:00.

Einstakur atburður átti sér stað árið 1985 á miðjum lundatíma út í Elliðaey. Árni Johnsen fékk þá hugmynd að hóa saman lundakörlum úr öllum úteyjunum og halda upp á 1.100 afmæli 26 úteyinga í úteyjastíl. Um var að ræða samanlagðan aldur þessa lundakalla þ.e.a.s. þeir sem áttu afmæli á áratug á þessu ári eða árum á undan sem taldi um 1.100 ár. Þar sem Árni er nú Bjarnareyingur þá stóð til að halda veisluna út í Bjarnarey. Þegar dagurinn góði rann síðan upp og halda átti út í Bjarnarey, þá voru þeir sem út í Bjarnarey voru, ekkert spenntir fyrir þessari heimsókn og einhvern veginn ekki klárir í bátana eins og Árni hefði orðað það. Árni tók þá ákvörðun að kanna hug Elliðaeyinga, sem að sjálfsögðu tóku vel í þessa hugmynd og úr varð að þetta afmæli var haldið út í Elliðaey og heppnaðist einstaklega vel. Í jólablaði Frétta 1986 er þessu afmæli gerð ágæt skil.

Sungið um borð í Bárunni á leið út í Elliðaey 1986 þar sem haldið var upp á 1100 ára afmæli nokkura úteyinga. Á myndinni má sjá frá vinstri, Haraldur Þorsteinn Gunnarsson, Guðjón Hjörleifsson, Árni Johnsen og á gítarnum er Einar Hallgrímsson.

Veiðifélagar í Elliðaey til tugi ára, frá vinstri Hávarður Birgir Sigurðsson, Guðlaugur Guðjónsson Oddstöðum og Þórarinn Guðjónsson Kirkjubæ.

Föstudagur 26. júlí 1985
Árla var risið úr rekkju í morgun og gengið suður í Skoru. Þá var komin Skoruátt og þó nokkuð líflegt í eynni. Veitt var í Skorunni, Landsuðursnefi, Lávarðadeild og Hrafnajaðri. Þegar upp var staðið lágu 11 kippur (1.100 lundar), góður dagur það. Þá var farið að hnýta að fuglinum og hugmyndin var að fá bát til að sækja lundann. Þegar verið var í bátahugleiðingum, fréttum við, að hingað út komi hópur fólks með t/b Bárunni og ætti að halda upp á 1.100 ára afmæli 26 úteyjamanna. Báran kom hingað tvær ferðir með fólk. Varðeldur, pylsuveisla (grillaðar) mikill söngur og gítarleikur, fjör mikið, freyðivín og rauðvín drukkið með pylsunum. Eftir mikið húllumhæ og fjör kom t/b Báran aftur tvær ferðir að sækja fólkið. Þá fóru heim Ragnar Þór, Rúnar Jóhannsson, Birgir Þór og Þórunn. Út kom Þór Kristjánsson. Ákveðið að geyma að sækja lundann til morguns. Veðrið var mjög gott í dag og ennþá betra er leið á kvöldið og alveg fram á nótt.

Afþreying
Á þessum árum voru engar tölvur eða farsímar til með þeirri afþreyingu sem þau tæki bjóða upp á eins og Youtube, facebook, Netflix o.s.frv. Til afþreyingar spiluð menn mikið á spil, bridge eða vist og tefldu skák. Einnig var töluvert hlustað á „útvarpið" þ.e.a.s ríkisútvarpið. Aðeins ein rás eða Rás 1. Samkvæmt dagbókarfærslum var oft hlustað á knattspyrnulýsingar og þá helst ef ÍBV var að leika.



Pétur Guðjónsson frá Kirkjubæ skenkir kaffi í veiðihúsinu Elliðaey með Commander sígarettu í munnvikinu. Árni Árnason símritari frá Grund samdi gamanbrag um Elliðaeyjarferð. "Á trillu ég fór með Trana" og þar segir: Hann Tóti sat í því straffi, að smyrja öllum brauð, en kökur, heitt vatn og kaffi og Commander Pétur bauð.

12. júlí 1975
Risið úr rekkju á mjög óreglulegum tímum. Kl.10:00 fór Guðjón Hjörleifsson og flaggaði í tilefni að Pétur Guðjónsson er 73 ára. Veður var mjög gott. Logn en skýjað. Eftir hádegi var borin fram matur og var borðað fyrir utan kofann. Um kl. 15:00 var farið að hlusta á lýsingu á fótbolta í útvarpinu og voru menn heldur bjartsýnir í fyrstu. En þegar lýsingu lauk hafði Víkingur rassskelt ÍBV með„ 6 gegn 1" og vötnuðu sumir músum. Um kl. 16:00 fóru Guðjón og Guðni Hjörleifssynir og þrír aðrir heim. Um kl. 18:00 kom Óli Valtýs með gesti í heimsókn og dvöldust þeir fram eftir kvöldi. Um kl. 24:00 var gengið til náða.

Tónlist var aðeins hægt að hlusta á í„útvarpinu" út í Elliðaey og varð að velja tegund tónlistar eftir því hvaða þættir voru í boði. Samkvæmt dagbókarfærslum voru það „ danslögin" sem helst var hlustað á þegar hlustað var á tónlist.

Laugardagur
9. ágúst 1980
Risið úr rekkju um kl. 08:00 og var þá austan sjö vindstig og var þá gengið suður á Nef og kroppaðist tæplega þrjár og hálf kippa, en um ellefu leytið gerði þá snarvitlaust veður og fór í suð-austan 11 vindstig og gekk á með rigningu annað kastið og var alveg vonlaust að veifa háf. Var þá setið inni í kofa og hlustað á útvarpið og teknar nokkrar hrotur á milli. Um kl. 19:00 lægði og gengu þá Olli málari og Pétur á Kirkjubæ suður á Nef en við hinir fórum að fækka vörgum undir forystu Didda í Svanhól og snarfækkaði vörgum en ekki náðust hrafnarnir þó svo að þeir létu í sér heyra. Olli veiddi 70 lunda en við hinir 40, en þá var orðið svo dimmt að ekki var hægt að veiða lengur. Síðan var haldið heim í kofa þar sem haldin var mikil eggjaveisla með ýmsu meðlæti og voru menn vel saddir á eftir. Síðan var hlustað á danslögin fram eftir og síðan farið að sofa.

Áhugi á knattspyrnu var mikill á þessum tíma, bátur sótti menn svo þeir kæmust á Hásteinsvöll að horfa á ÍBV, og fóru síðan út í Elliðaey aftur eftir leik. Ætli þeir hafi komið við heima hjá sér eftir leik og smellt kossi á frúna áður en haldið var út í eyju aftur?

Laugardagur
10. ágúst 1985
Farið á fætur kl. 05:30, sama blíðan og ekki veiðilegt. Farið um eyna, töluverður fugl en ekki veiðanlegur vegna logns. Um morguninn fengust nokkrir fuglar suður á Nefi og í Skorunni og upp úr hádegi nokkrir við Steininn. Kl. 14:00 kom t/b Lubba og með henni Olli Tryggva sem kom í land en við hinir fórum heim til að horfa á ÍBV keppa við Skallagrím Borganesi. Komum aftur út í eyju um kl. 21:00 í góðu skapi og sigurvímu því ÍBV vann leikinn með 8 mörkum gegn 1. Töluverður súgur var við steðjann en allt gekk vel og fór Olli með t/b Lubbu í land. Spilað fram eftir nóttu eða til kl. 01:40.

Skáldskapur
Í dagbókarfærslunum kemur fyrir annað kastið, að menn hafa verið að semja vísur/stökur sér til skemmtunar. Greinilega hafa menn verið ánægðir með skáldhæfileikana, fyrst limrurnar voru skráðar niður. Ekki kemur fram í dagbókarfærslunum hver eða hverjir semja stökurnar.

Oft á kvenfólk er ég fús
en þér neita af snilli.
Allt er fullt af lundalús
læra þinna milli.

Leiðir okkur, líkt og páfi,
lætur okkur visku í té.
Sveiflar ennþá sínum háfi,
þótt sjötíu og átta ára sé.

Fundum bæði frið og ró,
faðir og sprækur drengur.
Að vísu var veiðin ekki nóg.
Það er eins og lífið gengur.

Ef að lífið okkur gefur
þvílíkan dýrðarstað.
Enginn veit fyrr en átt hefur
ég og þú, við vitum það.

Veiðifélagarnir Ragnar Þór Baldvinsson, Guðni Hjörleifsson og Hávarður Birgir Sigurðsson.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
LYSI

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
HUGINN

Gleðileg jól
Óskum viðskiptavinum okkar og Eyjamönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Íslandsbanki

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
HS VEITUR

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
FROST

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTMANNAEYJA

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
FAJ FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
bh

Hús og fólk IV:

Laufás - höfuðból í Vestmannaeyjum

GREINARHÖFUNDUR:
HELGI BERNÓDUSSON

Laufás var eitt reisulegasta timburhúsið á Heimaey áður en Eldfellshraunið lagðist yfir Austurbæinn. „Eitt fallegasta húsið í Vestmannaeyjum“ segir Guðjón Ármann Eyjólfsson í Gosbókinni sinni góðu frá 1973.

Frá Laufási var dásamlegt útsýni til allra átta. Úr norðurglugga blasti við sjálfur Heimaklettur og eins sá yfir hluta hafnarinnar og svo Víkina, innsiglingarleið báta og skipa. Í austur gat að líta Ellíðaey og Bjarnarey og upp á land til Eyjafjallajökuls. Í góðu veðri gladdi Mýrdalsjökull augað og fjöllin þar austur frá, allt að Dyrhólaey. Helgafell og grónar brekkur þess voru í suður en til vesturs mátti sjá yfir byggðina á Heimaey, allt út að Hamri, og þar undan vestureyjar flestar.



Laufás í Vestmannaeyjum, byggt 1912. Myndin er frá því um 1930. Austan megin við húsið má sjá í Vatnsdal, en vestan megin Hof, Sætún, Gamla-Skálholt, Gíslholt, Landagötu 18 (með flötu þaki), og Sólnes. Fjær sér í Höfn og Fúsahús við Bakkastíg. Skipið á Víkinni gæti verið Dronning Alexandrine.

Austurvegur 5 – Vilborgarstaðavegur

Laufás var járnklætt timburhús, stóð við Austurveg og var númer 5, þ.e. norðan megin eða neðan við götuna. Húsið var á hæðardragi og naut sín afbragðsvel á steinsteyptum kjallara, tvílyft, með stórum kvisti sunnan megin á þakinu en minni kvisti norðan megin. Sex myndarlegir gluggar voru langsum að sunnanverðu og að götunni en fjórir norðan megin, auk útbyggingar, sem stundum var kölluð „bíslag“. Þar var gengið inn í húsið hvunndags. Á stafni austan megin voru tveir gluggar á efri hæð. Vestan megin voru aðaldyr hússins með snotrum umbúnaði og gengið upp tröppur að þeim með handriði, upp á steyptan pall. Undir honum var farið inn í kjallaraíbúðina. Sunnan megin á kjallara vissu jafnmargir gluggar í suður og á aðalhæð, en þrír í norður, og þeim megin var líka kolalúga, auk inngangs undir bíslaginu. Á vesturgafli voru tveir gluggar á efri hæð og tveir minni utar við þá. Á suðurkvisti voru tveir gluggar. Háaloft var yfir öllu húsinu, geymsluloft, með stafnglugga vestan megin og í suðurkvisti, auk lítils þakglugga norðan megin, yfir stiganum. Húsið var gulmálað, gluggaumbúnaður hvítur og brúnleitur skrautbekkur utan á húsinu milli hæða. Byggingarlagið var vel þekkt í Eyjum og raunar víða um land.

Austan við íbúðarhúsið var útbygging frá norðri til suðurs og hefur hún myndað skjól fyrir austanáttinni sem áreiðanlega hefur oft verið hvöss á Laufáshólnum. Þar var syðst hjallur, svo hlaða en fjós norðanmegin með haughúsi og brunni framan við í túninu. Utan á útbyggingunni var svo enn annað hús, hesthús, og brunnur sunnan við það og áfastur því. Í Laufási bjó „útvegsbóndi“, eða fremur útvegsbændur, með útgerð og bústofn, kýr og rollur, hest og hænsn.

Á lóðinni voru þrír vatnsbrunnar þar sem rigningarvatni var safnað. Brunnar voru notaðir fram til þess að vatnsleiðsla var lögð milli lands og Eyja 1968 og dreifikerfi um kaupstaðinn.

Tún Laufáss voru mikil, einkum til suðurs og austurs, og þau slegin og hey hirt meðan skepnur voru enn á bænum. Þessi tún urðu góðar byggingarlóðir er stundir liðu fram. Féð, sem ekki var margt í Laufási, gekk að sumri og lengi fram á haust í Heimakletti og Suðurey. Kartöflugarður var suðaustur af húsinu.

Í Laufási var, eins og á flestum íslenskum heimilum til sveita fram á síðustu öld, rekinn sjálfsþurftarbúskapur. Fólkið var sjálfu sér nægt um nær alla hluti og flest sem með þurfti, fæði og klæði, heimafengið. En mikið búsílag var fiskurinn og hin gjöfula útgerð. Það var annar svipur á Laufási en þurrabúðum niður í Sandi. Laufás var sem óðal, stórt, landmikið, með bústofn og þar voru margar kynslóðir, einn „únívers“ eða heimur út af fyrir sig. Sand-guttar eins og sá sem hér skrifar horfðu með undrun á þetta stóra og fallega hús ofar á Eyjunni, það vakti áhuga og forvitni. Hver var saga þess og þeirra sem þar bjuggu?

Elínborg og Þorsteinn

Á þessu höfuðbóli bjuggu myndar- og merkishjón, Elínborg Gísladóttir húsfreyja og Þorsteinn Jónsson, skipstjóri og útgerðarmaður, einn svipmesti brautryðjandi vélbátaútgerðar í Vestmannaeyjum, rithöfundur síðar á ævi, riddari af Fálkaorðunni 1929 í tíð Kristjáns X., konungs Íslands og Danmerkur, og heiðursborgari Vestmannaeyja á sjötugsafmæli sínu 1950.

Um Þorstein Jónsson (f. 1880) hefur margt verið ritað og mikill ljómi er yfir nafni hans, ekki síst fyrir bækur hans stórmerkar, Formannsævi í Eyjum (1950) og Aldahvörf í Eyjum (1958). Í formálsorðum fyrir fyrri bókinni rekur Jóhann Gunnar Ólafsson, fyrrv. bæjarstjóri í Eyjum, fræðimaður og aldavinur Þorsteins, æviferil hans og þarf litlu við þau orð að bæta. Þorsteinn var raunar fæddur í Austur-Landeyjum, í Gularáshjáleigu, skammt sunnan við Gunnarshólma, en fluttist með bláfátækum foreldrum sínum til Eyja á þriðja ári og ólst upp á Vilborgarstöðum við kröpp kjör. Jón Einarsson, faðir hans, útvegsbóndi, var kenndur við húsið Hraun sem hann byggði síðar og stóð fram að gosi þar sem mætast Vestmannabraut, Heimagata og áður Landagata. Hann var kunnur maður í Eyjum á sinni tíð. Þorsteinn Jónsson lést 1965, 85 ára að aldri, og var þá margt fagurt og gott um hann ritað.

Um Elínborgu (f. 1883), þá myndarlegu og glæsilegu konu, er færra á blaði. Hún lést rúmlega níræð, 4. mars 1974, þá búandi í Hafnarfirði, og engin minningargrein var skrifuð um hana svo vitað sé. Hún bjó ekkja í Laufási þegar eldurinn kom upp í janúar 1973 og mátti hrekjast undan honum með dóttur sinni, Dagnýju, og fjölskyldu hennar sem bjó á efri hæðinni hjá henni. Elínborg var systir Engilberts Gíslasonar, hins kunna og ágæta listmálara í Eyjum. Eflaust muna margir rosknir Eyjamenn eftir honum við afgreiðslustörf í málningarvöruversluninni í kjallara Viðeyjar, ævagömlum að sjá. Hann var fæddur 1877, lést 1971. Myndir hans frá Eyjum eru margar og hanga víða uppi hjá Vestmanneyingum. Foreldrar þeirra Elínborgar og Engilberts, og þriggja annarra systkina, voru Gísli Engilbertsson, verslunarstjóri í Juliushaab-verslun og síðar á Tanganum, og kaupmaður þar um hríð, og Ragnhildur Þórarinsdóttir. Þau voru bæði Sunnlendingar og höfðu flust til Vestmannaeyja 1869. Allt var þetta fólk því grónir Vestmanneyingar en með rætur undir Eyjafjöllum, í Landeyjum og Fljótshlíð.

Laufássystkinin

Þau Elínborg og Þorsteinn eignuðust 12 börn og ólu líka upp einn dótturson sinn. Þau giftu sig 1903, að fengnu kóngsbréfi til hjónavígslu, og áttu fyrst heima á loftinu á Hrauni, þá nýbyggðu húsi foreldra Þorsteins, Jóns Einarssonar og Þórunnar Þorsteinsdóttur.

Laufássystkinin, börn Elínborgar og Þorsteins, eru:

1. **Þórhildur** f. 1903. Hún var prestsfrú á Breiðabólstað í Fljótshlíð, gift sr. Sveinbirni Högnasyni, prófasti og alþingismanni. Þau eignuðust fjögur börn. Þórhildur var kirkjuorganisti og söngstjóri.
2. **Unnur,** f. 1904; dó rúmlega fertug af nýrnabilun, bjó við heilsuleysi lengi. Hún var gift Runólfi Runólfssyni, vélstjóra og útgerðarmanni frá Bræðratungu í Eyjum. Þau eignuðust sjö börn.
3. **Gísli,** f. 1906. Var giftur Ráðhildi („Hillu“) Árnadóttur Finnbogasonar skipstjóra frá Norðurgarði, síðar Hvammi. Gísli var áður verkstjóri í Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hjá Einari ríka Sigurðssyni en síðar einn af þrem stofnendum og stjórnendum Fiskiðjunnar. Þau áttu einn kjörson.
4. **Ásta**, f. 1908; lést barnlaus 26 ára að aldri.
5. **Jón** (eldri), f. 1910, lést 13 ára gamall úr taugaveiki sem geisaði í Eyjum og víðar 1923.
6. **Fjóla**, f. 1912, húsfreyja í Reykjavík. Hún var gift Harald St. Björnssyni sem m.a. rak umboðs- og heildverslun. Hann var sonur Baldvins Björnssonar gullsmiðs í Eyjum og bróðir Hauks stórkaupmanns og Björns Th. listfræðings. Þau eignuðust þrjú börn.
7. **Ebba** (eldri), f. 1916. Hún lést 10 ára gömul. Hún var mállaus.
8. **Anna**, f. 1919, húsfreyja. Hún var forustukona í félögum kvenna í Eyjum, var gift Jóni Guðleifi Ólafssyni frá Garðstöðum, verkstjóra og útgerðarmanni. Þau eignuðust fjögur börn. — Anna hlaut titilinn „Eyjakona aldarinnar“ í könnun Frétta í ársbyrjun árið 2000.
9. **Bera**, f. 1921, húsfreyja í Eyjum, giftist Ingólfi Arnarsyni vélstjóra og járnsmið, síðar útgerðarmanni og framkvæmdastjóra Útvegsbændafélagsins. Þau eignuðust þrjá syni.
10. **Jón** (yngri), f. 1923. Hann fluttist ungur til Reykjavíkur og var verkstjóri þar. Hann bjó þó í Eyjum (í Garðinum) í nokkur ár

Þorsteinn Jónsson (1880-1965) í Laufási á efri árum. Upphaf vélbátaútgerðar í Vestmannaeyjum er tengd nafni hans og því er Unnur I hóf veiðar á vertíðinni 1906. Þorsteinn var kjörinn heiðursborgari Vestmannaeyja 1950, á sjötugsafmæli sínu.

Húsfreyjan í Laufási, Elínborg Gísladóttir (1883-1974), innborin Vestmanneyingur, fædd á Tanganum. Elínborg var skörungur og stjórnaði lengi stóru útvegsheimili. Hún var í forustusveit í félögum kvenna í Eyjum, Eykyndils og Líknar.

Fjölskyldan í Laufási, nokkru fyrir 1950. Standandi (f.v.): Harald St. Björnsson, Fjóla, kona hans, Jón Guðleifur Ólafsson (Leifi) og Anna, kona hans, Gísli, Bera og maður hennar, Ingólfur Arnarson, Dagný, Jón og Ebba. Sitjandi (f.v.): Þórhildur, Þorsteinn, Elínborg Jónsdóttir (milli afa og ömmu), Elínborg Gísladóttir og Ástþór. Öll á myndinni eru látin nema Elínborg Jónsdóttir, og fjögur systkinanna voru dáin þegar myndin var tekin. Fjölskyldan hefur stillt sér upp í „betri stofunni“. Á veggnum má sjá danskar myndir, og sú í miðið hangir nú uppi í stofu hjá Elínborgu á Hraunslóð 2. Á henni stendur letrað: „En ung kone venter sin mand hjem fra søen.“

um og upp úr 1950. Hann var giftur Ingibjörgu Pétursdóttur; þau eignuðust fimm börn.

11. **Dagný**, f. 1926, handavinnukennari og húsfreyja í Laufási fram að gosi. Hún var gift Boga Þ. Finnbogasyni skipstjóra sem var ættaður frá Eskifirði. Þau eignuðust tvö börn.
12. **Ebba** (yngri), f. 1927, húsfreyja. Hún var gift Bárði Auðunssyni skipasmið og framkvæmdastjóra Skipaviðgerða hf. Þeirra börn voru fimm.
13. **Venja** er að telja Ástþór, f. 1936, son Unnar og Runólfs, 13. barnið því að hann fór kornungur til afa síns og ömmu í Laufási vegna veikinda móður sinnar og ólst þar alveg upp. Hann bjó fyrstu starfsár sín í Eyjum en fluttist svo til Reykjavíkur og var við smíðar og síðar skrifstofustörf. Hann var giftur Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Egilsstöðum í Ölfusi. Ástþór átti sex börn.

Atvinnubylting og góð afkoma

Þegar þau Þorsteinn og Elínborg festa kaup á Eldra-Laufási 1905 var Þorsteinn að vísu formaður á áraskipi, en hin mikla umbylting fiskveiðanna var ekki hafin, sú sem hann átti svo drjúgan þátt í og hóf hann til álits og góðra efna. Það mikla ævintýri byrjaði á næstu vertíð, 1906. Fiskveiðar róðrarbáta höfðu þó gengið vel, fiskigengd var mikil og línuveiðar hafnar nokkru fyrr í stað handfæra. Þorsteinn hefur því notið sæmilegrar afkomu þegar hann kom að Laufási.

Vertíðina 1904 gerðu nokkrir menn í Eyjum tilraun með að setja vél fiskibát, Eros VE 121, í stað ára og segla svo sem verið hafði frá öndverðu. Hún misheppnaðist. Eigi að síður sannfærði þessi tilraun, með öðru, menn eins og Þorstein um að vélar í báta væri framtíðarkostur. Sama árið og hann kaupir Eldra-Laufás lætur hann, ásamt fjórum mönnum öðrum, smíða fyrsta vélbát sinn, 7 tonna með um 8 hestafla Dan-vél. Þrátt fyrir hrakspár margra hætta þeir allmiklum fjármunum sem fengust að láni með afarkostum hjá Bryde kaupmanni. Báturinn hlaut nafnið „Unnur" og hafði skráningarnúmerið VE 80. „Lét ég bátinn heita í höfuð á telpunni [sem fæddist haustið áður]." Fyrsti „róður" var farinn 3. febrúar 1906. Er hann talinn marka upphaf nýrrar aldar í fiskveiðum Vestmanneyinga.

Er skemmst frá því að segja að útgerð Þorsteins og félaga hans tókst ævintýralega vel. Vélin bilaði aldrei á vertíðinni og aflinn þrefaldaðist. Margir útgerðarmenn í Eyjum fetuðu þegar næsta ár í slóð þeirra og keyptu vélbáta. Hurfu árabátarnir þá furðu skjótt

Bátur Þorsteins í Laufási, Unnur VE 80, leggst að bryggju. Unnur þessi var þriðji vélbáturinn sem Þorsteinn lét smíða, var 16 smálestir, risti 7 fet og var með 50 hestafla Dan-mótor. Báturinn kom til landsins 20. ágúst 1922. „Var hann þá einn fallegasti og langhraðskreiðasti báturinn hér" skrifar Þorsteinn í ævisögu sinni. En það breyttist fljótt.

úr notkun. Þorsteinn átti mikilli velgengni og farsæld að fagna, ekki aðeins í formennsku sinni, allt frá því að hún hófst á smájuli, sem hét „Sjampa", sumarið 1897, og hann þá sextán ára, sjóveikur eins og jafnan, og fram til þess að hann fór í land árið 1948, heldur líka í atvinnurekstri á þeim tíma. Hann missti aldrei mann í hafið og komst aldrei í fjárþrot. Þegar árið 1909 lét hann smíða annan bát í Danmörku en seldi hinn eldra. Unnur II. var áþekk að stærð en með aðeins stærri vél. Og 1922 er hin þriðja Unnur smíðuð, líka í Danmörku, 13 búttólestir með 45 hestafla Dan-vel. Athygli vekur hve bátarnir eru litlir, en hafnarskilyrði í Eyjum og þjónusta við flotann settu útgerðinn afar þröng mörk fyrstu áratugina.

Það sýnir skapstyrk Þorsteins og festu að hann heldur sig við útgerð sína alla tíð, passar vel upp á sitt og lætur það duga og leggur ekki í nein fjárfestingar-ævintýri á öðrum sviðum þrátt fyrir arðsaman rekstur. Hann á aðgerðarhús (kró) niður í Sandi og skúr fyrir veiðarfæri og það sem tengdist útgerðinni, annað ekki. Þó mun hann tvívegis hafa keypt hlutabréf í togarafélagi, en brenndi sig illa á því. Ásamt öðrum lagði hann fé í byggingu og rekstur Þurrkhússins austur á Urðum 1929 sem var mikið nauðsynjafyrirtæki við saltfiskverkun eins og veður geta orðið í Eyjum. Reyndist honum sá rekstur æðiþungur baggi næstu árin vegna kreppu og gjaldþrota.

Laufás byggður 1912.

Hamingja og meðbyr var líka heima á bæ. Börnum fjölgaði og hagsæld óx. Þau Elínborg ákváðu að byggja nýtt hús, þann Laufás sem þekktastur er, glæsilegt vitni um áræði, dugnað og velgengni húsráðenda.

Bygging Laufáss árið 1912 sýnir í senn hve hagur Þorsteins stóð vel, aflaföng voru mikil og tekjur góðar, en jafnframt hve umsvifin við útgerð hans hafa aukist. Þau Elínborg halda fólk sem vann á þeirra vegum, vinnufólk heima og sjómenn á útvegi Þorsteins sem sjá þurfti fyrir húsnæði yfir vertíðina. Eldri-Laufás var ekki traustlega byggt hús. Anna Þorsteinsdóttir hefur eftir Elínborgu, móður sinni,

Laufás eldri

Vorið 1903 fluttist til Vestmannaeyja Jón Ágúst Kristjánsson frá Marteinstungu í Holtum. Hann var fyrirmannlegur af ljósmyndum að dæma, fæddur 1879. Hann þótti fá gott uppeldi og góða menntun í föðurgarði og varð farkennari í sveit sinni, en stundaði líka sjóróðra og var á skútum. Jón Ágúst hafði hlotið mikla tónlistargáfu í vöggugjöf. Hann kenndi sveitungum sínum söng og stjórnaði kórum þá og síðar, var organisti kirkju sinnar. Hann hafði verið á vertíðum í Eyjum frá 1901, þá rúmlega tvítugur að aldri.

Vorið 1902 kvæntist Jón Ágúst fyrri konu sinni, Guðrúnu Tómasdóttur. Þau voru systkinabörn og eflaust nákunnug alla tíð. Guðrún var frá Barkarstöðum, næstinnsta bæ í Fljótshlíð, og þótti glæsileg kona og greind. Ömmubróðir hennar var sjálfur sr. Tómas Sæmundsson Fjölnismaður, prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Guðrún og Ísleifur Högnason, kaupfélagsstjóri og síðar alþingismaður fyrir Kommúnistaflokkinn í Vestmannaeyjum, voru bræðrabörn.

Þau Jón Ágúst og Guðrún bjuggu í Seljalandsseli undir Fjöllum fyrsta búskaparár sitt, 1902–1903, en fluttust svo til Eyja. Fljótlega byggðu þau sér hús við Vilborgarstaðaveg (síðar Austurveg), norðan megin, þar sem var kallað „Vestasti-Hlaðbær". Hafði Gísli Engilbertsson byggingu fyrir jörðinni og leyfði þeim hjónum, Jóni Ágústi og Guðrúnu, að reisa íbúðarhús þar á dálítilli spildu. Húsið var úr timbri, 14 álnir á lengd og 12 álnir á breidd (9x7,5 m, um 67 m2), ein hæð og kjallari. Engin mynd eða teikning hefur fundist af „Gamla-Laufási", en það hefur verið allrúmt fyrir litla fjölskyldu á þeirra tíma vísu. A.m.k. hefur Jóni í Gvendarhúsi þótt það, svo sem ráða má af vísu hans (Blik 1956):

Reist er Jóni höllin há
hér á stöðli kúa.
Sentist hingað Seli frá,
saddur á að búa.

Fleira neyðarlegt er haft eftir Jóni í Gvendarhúsi um Jón Ágúst, — eins og marga aðra, — en verður ekki endurtekið hér. Má þar e.t.v. kenna nokkurrar öfundar og óvildar í garð hins röska hæfileikamanns sem hafði sest að í Eyjum. Með „Seli" í vísunni er átt við Seljalandssel þar sem Jón Ágúst bjó áður og „á stöðli kúa" vísar til þess að þar sem Laufás stóð höfðu áður verið mjólkaðar kýrnar í Hlaðbæ, og þar kallað „á stöðli" því að „stöðull" merkir m.a. mjaltastaður.

Jón Ágúst Kristjánsson frá Marteinstungu (síðar Ágúst J. Johnson). Hann fluttist með konu sinni, Guðrúnu Tómasdóttur, til Vestmannaeyja 1903. Þau reistu skömmu síðar Gamla-Laufás sem Þorsteinn og Elínborg keyptu 1905. Jón Ágúst var tónlistarmaður og stjórnaði m.a. kór í Eyjum.

Jón Ágúst og Guðrún velja sinni „háu höll" nýtt nafn og kalla Laufás. Ekki er vitað hvers vegna þau völdu það nafn. Í nágrenni er ekkert slíkt örnefni. Vera má að annaðhvort þeirra hjóna hafi tekið nafnið með sér úr heimahögum, svo sem títt er. Líklegast er þó að nafnið sé „út í loftið", aðeins fagurt íslenskt bæjarnafn sem nokkur ljómi lék um, og væri það þeim líkt.

Jón Ágúst lætur þegar til sín taka í félagslífi Eyjanna. Stofnar hann m.a. blandaðan söngkór sem hann kallaði „Principal kórinn". Hann æfði kórinn í stofunni í Laufási. Jón Ágúst var fjölhæfur tónlistarmaður, söngmaður góður, lék á ýmis hljóðfæri og samdi sönglög. Hann virðist hafa verið í eins konar samkeppni við þá feðga, Sigfús Árnason kirkjuorganista á Löndum og son hans, Brynjúlf Sigfússon tónskáld. Sigfús var fyrir með kór, „Söngfélagið", en um þessar mundir var rutl á honum, hjónin skildu 1904 og Sigfús fór vestur um haf til Ameríku. Við það losnaði staða organista við Landakirkju og sótti Jón Ágúst um ásamt Brynjúlfi sem fékk stöðu föður síns, aðeins 19 ára gamall. Jón Ágúst var stoltur og skapmikill og svo mjög mislíkaði honum þessi ráðning að hann fluttist frá Eyjum með konu sinni þegar 1905. Fóru þau í maí það vor og eru í júlí 1905 komin til Mountain í Norður-Dakotaríki í Bandaríkjunum, rétt sunnan landamæra Kanada, og sögð hafa keypt sér þar hús. Síðar voru þau hjón í Winnipeg og eru heimildir um þátttöku Jóns Ágústs í Íslendingadeginum 1907 þar sem hann stjórnaði söngkór. Þau Guðrún voru líka í Chicago einhver ár þar sem hann kenndi söng. Heim fluttust þau svo fimm árum síðar, sennilega vegalaus, og settust að í Reykjavík. Þegar haustið 1910 bauðst Jóni Ágúst að verða starfsmaður Landsbankans. Þar vann hann í annasömu starfi meðan heilsa leyfði, síðar sem féhirðir, allt til 1943. Hann lést eftir langvarandi veikindi í nóvember 1949.

Í Ameríku breytti Jón Ágúst nafni sínu og kallaði sig „A. J. Johnson", þ.e. Ágúst Jón Johnson, og ritaði nafn sitt jafnan „Ágúst J. Johnson". Líklega tók hann sér kenningarnafn föður síns, Jónsson, og „anglíseraði" það, þ.e. lagaði nafnið að enskri tungu: „Johnson".

Jón Ágúst lét að sér kveða í þjóðmálum á fyrri hluta ævi sinnar, skrifaði í blöð, gaf út bæklinga og þótti nokkuð stórorður, enda fékk hann miklar skammir fyrir, kallaður „blaðlús" og „ritfífl" (Jón Ólafsson ritstjóri), slík var harkan þá og orðbragðið. Þess utan skrifaði hann talsvert um önnur áhugamál sín, ýmis framfaramál, t.d. hitaveitu. Hann var nýjungagjarn og framkvæmdamaður. Fyrir daga Elliðaárvirkjunar kom hann upp olíurafstöð við hús sitt sem þá var við Njálsgötu og lét leggja leiðslur þaðan niður allan Skólavörðustíg og seldi rafmagnið. Hann var mjög ættfróður maður og hafði sterkar skoðanir á Njálu og hver væri höfundur hennar. Fékk hann birtar greinar um þau efni í ársriti Fornleifafélagsins um og eftir 1940. En hann hlaut ekki lof fyrir hjá hinum lærðu Njálufræðingum. Enn fremur skrifaði Jón Ágúst (að vísu undir dulnefni) mjög harðar greinar gegn bankastjóra sínum, Birni Kristjánssyni, árið 1917, sem þá var fjármálaráðherra en um

Guðrún Tómasdóttir Johnson (1882-1918), fyrsta húsfreyja í Gamla-Laufási. Hún og maður hennar, Jón Ágúst, fluttust til Vesturheims 1905, en komu aftur til Íslands 1910. Myndin var tekin meðan þau dvöldust vestra. Hún er með Karl, son sinn, f. 1905, í fanginu. Guðrún lést úr spænsku veikinni.

hann stóðu miklar deilur. Til stóð að víkja Johnson frá störfum um tíma vegna þessara skrifa en svo varð ekki.

Guðrún Tómasdóttir lést í spænsku veikinni 21. nóv. 1918. Hún var þá ófrísk að fimmta barni þeirra. Veikin olli því m.a. að þungaðar konur urðu léttari fyrir tímann. Á deyjanda degi fæðir hún barnið nær fullburða og hlaut það í skírninni nafn látinnar móður sinnar. Guðrún yngri lést aðeins fjögurra mánaða gömul. Er átakanlegt að lesa í fæðingardagbók ljósmóðurinnar um barnsburðinn. Tvö börn þeirra hjóna komust á legg: Karl, f. vestanhafs 1905, starfaði í Búnaðarbankanum en lést rúmlega þrítugur, giftur og tveggja barna faðir. Hann var sagður vinsæll og vinamargur. Ágústa var yngra barnið, f. 1913 í Reykjavík. Hún giftist Ólafi Ragnars á Siglufirði og er formóðir Ragnars-fjölskyldunnar á Akureyri.

Ágúst J. Johnson kvæntist að nýju 1926 Elínu Kristjánsdóttur (1904-1992). Hún var 25 árum yngri en hann. Þau voru barnlaus.

Jón Ágúst þótti fríður maður og snyrtilegur, var listfengur, greindur og víðlesinn, kátur, félagslyndur og sögumaður góður. Hann var skyldurækinn og nákvæmur í störfum sínum, en sagður nokkuð þurr og stífur við viðskiptamenn bankans. Starf hans í bankanum var lýjandi og gekk nærri heilsu hans, svo mjög að hann varð að taka sér leyfi frá störfum 1943 og átti þá ekki afturkvæmt í bankann.

Eftir að A. J. Johnson varð gjaldkeri Landsbankans bjó hann við trygga afkomu og góð efni; stundaði m.a.s. ýmiss konar viðskipti samhliða gjaldkerastöðunni. Árið 1926, skömmu eftir seinni giftinguna, byggði Ágúst afar fallegt og veglegt íbúðarhús við Sólvallagötu 16 sem Einar Erlendsson húsasmíðameistari teiknaði. Johnson var jafnframt forustumaður „Sólvallafélagsins" sem beitti sér fyrir uppbyggingu á þeim reit.

A. J. Johnson hvílir í Hólavallagarði, mjög skammt frá húsi sínu, ysta leiði í norðvesturhluta garðsins, á mótum Ljósvallagötu og Hólatorgs. Leiðið er vel hirt og á því mikið og snoturt reynitré. Þar eiga leg báðar eiginkonur hans og yngsta barn.

Við brottför Jóns Ágústs og Guðrúnar Tómasdóttur úr Eyjum vorið 1905 keyptu þau Þorsteinn Jónsson, formaður á Hrauni, og Elínborg, kona hans, húsið Laufás. Kunningsskapur var á milli því að Þorsteinn og Jón Ágúst fóru sumarið 1904 saman til róðra austur á land og heilluðust þar af vélknúnum bátum. Afsalið, dagsett 5. maí 1905, er raunar stílað á Gísla Engilbertsson, föður Elínborgar, hver sem skýring þess er. Í húsakaupin fór „allt sem ég hafði sparað saman" segir Þorsteinn í ævisögu sinni. Kaupverðið var 2000 kr., útborgun 750 kr. í peningum og afgangur í „viðskiptabréfum".

og Gísla, bróður sínum, að húsið hafi nötrað og skolfið í austanveðrum. Þorsteinn hafði þó endurbætt Eldra-Laufás mikið og reið það vafalaust baggamuninn að húsið fyki ekki af grunni í einu mesta austanroki sem komið hefur í Eyjum í lok nóvember 1908. Þá þurfti hraustur maður á Kirkjubæ að skríða eftir götu til að komast heim til sín því óstætt var. Í þessum stormi fauk Skjaldbreið, nær fullsmíðað hús, og mölbrotnaði. Eldri-Laufás gat ekki orðið framtíðarumgjörð um hið umsvifamikla útvegsheimili. En af torfunni vildu þau ekki fara.

Magnús Ísleifsson í London var yfirsmiður við byggingu Laufáss, eins og svo margra annarra húsa á þeirri tíð í Eyjum. Hann hefur sennilega teiknað nýja húsið líka eða rissað það upp. Teikningar af því finnast ekki, og vera má að þær hafi aldrei verið til, aðeins í huga Magnúsar. Anna í Laufási segir að raftar hafi verið settir á gamla húsið og því verið velt út af grunninum og þá hafi það hrunið eins og „spilaborg". Nýr kjallari hefur verið steyptur og hafist handa við timburverkið. Húsið reis á skömmum tíma. Efnið var innflutt og e.t.v. tilsniðið að einhverju leyti. Um haustið, í september 1912, flyst fjölskyldan inn. Kostnaður var tæplega 15 þús. kr.

Sveitser-hús.

Laufás er dæmigert sveitser-hús en svo er þau hús kölluð sem tekið var að byggja hér á landi seint á 19. öld og á fyrstu áratugum 20. aldar undir norskum áhrifum. Sveitserstíll rekur nafn sitt og upphaf til svissneskra og austurrískra sveitahúsa sem eru þekkt fyrir voldug þök með framslútandi þakbrúnum. Þýskir arkitektar hrifust af alþýðubyggingum Alpanna og hófu að líkja eftir einkennum þeirra. Þaðan bárust þessi áhrif til Noregs um miðja 19. öld. Í kjölfar vélvæðingar í norskum timburiðnaði urðu til háþróaðar verksmiðjur, m.a. í Strömmen og Mandal, sem fjöldaframleiddu timburhús, tilsniðið byggingarefni og húshluti til útflutnings. Sveitser-húsin reyndust afar hentug á norðlægum slóðum.

Íslensku húsin fengu þó sín sérkenni og mest munar þar um bárujárnið sem svo vel dugði hérlendis til að verja hús fyrir vatni og vindi. Þessi hús eru úr timbri, standa á steyptum kjallara, þakið bratt og slútir nokkuð yfir útveggi, flest portbyggð. Talsvert skraut er á húsunum, einkum í kringum glugga, sem flestir hafa krosspósta. Sum húsanna eru með svalir en svo var almennt ekki í Eyjum. Inngangur er á gafli, lofthæð mikil og gert ráð fyrir ýmsum þægindum eins og innisalerni. Útfærsla þessara húsa er margvísleg. Í nær öllum bæjum á Íslandi má sjá sveitser-hús og er sumum vel við haldið og þykja bæjarprýði. Einna þekktust er húsalínan vestan við



Magnús Ísleifsson húsasmíðameistari (1875-1949) frá Kanastöðum í Landeyjum, oftast kenndur við hús sitt „London" í Vestmannaeyjum. Hann byggði Laufás 1912. Sagt var um Magnús í minningargrein að hann hefði byggt „aragrúa af íbúðarhúsum" í Eyjum og „má segja að hann hafi verið þar við riðinn allar helstu stórsmíðar frá því fyrst hann kom þangað og þar til hann brast heilsu."

Tjörnina í Reykjavík með Ráðherrabústaðinn í öndvegi. Í Eyjum voru mörg sveitser-hús byggð um og upp úr aldamótum. Má þar auk Laufáss nefna Lönd, Skjaldbreið, Hof, London, Þingvelli, Skuld, Höfðabrekku og mörg fleiri.

Sum sveitser-húsanna á Íslandi voru forsmíðuð í verksmiðjum í Noregi (katalóg-hús). Ekki eru þó tiltækar beinar heimildir um slík hús í Eyjum, en mjög líklegt að húsið Breiðablik, sem er alveg eins og tvö önnur í Reykjavík, sé flutt inn tilhöggvið og sett saman á byggingarstað. Og svo gæti líka verið um Dagsbrún, sem síðar var forskalað, illu heilli, og Hól. Þess konar hús voru fremur með svölum og meira skrauti en önnur. Húsanafnið „Mandal" (ekki -dalur) bendir til að byggingarefni hafi borist frá þeim bæ í Noregi til Eyja, og hefur þá áreiðanlega verið tilsniðið, þ.e. allar stoðir í húsin, gluggar, klæðning og fleira, verið merkt og aðeins þurft að setja húsið saman á staðnum.

Íslenskir smiðir, m.a. í Vestmannaeyjum, höfðu tileinkað sér grundvallaratriði húsasmíðalistarinnar, þekktu hlutföll, stærðir, form og alla „skematík" byggingar í sveitser-stíl. Má þar nefna Svein Jónsson á Sveinsstöðum, svo og Magnús Ísleifsson í London við Miðstræti. Þeir þurftu því ekki að styðjast við nákvæmar byggingarteikningar. Jafnan tók stuttan tíma að koma íslensku sveitser-húsunum upp og svo var um Laufás þegar Magnús byggði það sumarið 1912.

Sá sem byggja vildi hús eins og Þorsteinn Jónsson árið 1912 kom þá að máli við húsasmíðameistara eins og Magnús í London og „pantaði" hús. Hann þurfti aðeins að tilgreina óskir sínar um meginstærðir, grunnflöt, hæðir o.s.frv. Annað rakti sig við útfærslu hússins eða var unnt að hnika til eftir þörfum húseiganda, svo sem hvort vera ætti kvistur á húsinu eða ekki, eða um nánara fyrirkomulag innandyra. Laufás er t.d. „sex-glugga-hús" með kvisti og útbyggingu (bíslagi), en Skuld var „sjö-glugga-hús" (tvær íbúðir á hvorri hæð) með kvisti. Hof var „fimm-glugga-hús" (kvistlaust), Mandal „fjögurra-glugga-hús", kvistlaust, svo að dæmi séu tekin. Annars voru þessi hús afar lík að gerð þótt misstór væru. Stóru-Lönd, sem voru byggð 1909, voru t.d. sláandi lík Laufási, sex gluggar langsetis, en risið (portið) hærra í Laufási og útbygging í austur stærri (hlaðan). Miklu réð þó um útlit húsanna hvar og hvernig þau stóðu. Þar var Laufás í sérflokki, tók sig afar vel út á sínum stað. Sama gilti raunar um Lönd, en húsið Skjaldbreið, sem var nauðalíkt Laufási, „fimm-glugga-hús", naut sín miklu síður því að þröngt var um það við Urðaveg, auk þess sem byggt var við það austan megin sem spillti útliti þess nokkuð.

Engar meiri háttar breytingar voru gerðar á Laufási frá því að það var byggt 1912 þar til það eyðilagðist í gosinu 1973. Engar utan húss og sáralitlar innan húss, en þó þær að vatnssalerni kom á loftið og þurftu íbúar þá ekki lengur að fara á kamarinn erinda sinna en hann var byggður inn í norðvestur-horn fjóssins. Seinna var svo útbúið baðherbergi á hæðinni. Húsráðendur eru enda hinir sömu mestallan tímann, og sennilega ekki breytingagjarnir, en viljað hafa alla hluti í góðu horfi. Aðaltröppur hússins vestan megin voru endurnýjaðar, og sömuleiðis grindverk utan um garðflötina. Viðhald Laufáss var gott alla tíð og húsið í góðu standi.

Innan húss í Laufási.

Herbergjaskipan í Laufási breyttist ekkert að ráði frá byggingu þess fram að gosinu, né að öðru leyti hvernig þau voru notuð. Frá miðri öld, fyrir og um 1950, er vitað með vissu hvernig öllu var skipað innan húss. Elínborg Jónsdóttir, dóttir Önnu og Jóns Guðleifs, bjó í Laufási með foreldrum sínum frá fæðingu 1941 og fram til þess að þau byggðu sér hús í næsta nágrenni og fluttu þangað árið 1955. Og hún var að sjálfsögðu tíður gestur hjá afa og ömmu eftir það og fylgdist með öllu á „höfuðbólinu".

Á aðalhæðinni sunnan megin, sem við blasti af götunni, voru þrjár stofur, hver með tveim gluggum jafnstórum. Vestast var „stássstofa" sem að venju var ekki opnuð eða notuð nema við allra hátíðlegustu tækifæri. Austast var svefnherbergi þeirra hjóna, en á milli borðstofan, sem var annar aðalvettvangur hússins auk eldhúss. Í borðstofunni var jafnan dvalist og tekið á móti gestum. Þar sat húsbóndi og las og skrifaði á kvöldin og þar sat húsfreyjan við hannyrðir. Þar var hlustað á útvarp eftir að það kom til sögunnar og matast þegar eitthvað var haft við. Myndir voru á veggjum, bókaskápar og skrifborð Þorsteins í vesturhorni, saumavél Elínborgar og rokkur. Orgel var í borðstofunni og tóku systurnar og Ástþór stundum í það og spiluðu. Í „betri stofunni" var fínt en gamaldags sófasett og borð. Milli þessara herbergja þriggja voru skothurðir og mátti renna þeim frá og opna á milli við sérstök tækifæri og hafa þar langt borð. Spariinnganguinn á vesturstafni hússins var sárasjaldan notaður og þá aðeins í viðhafnarskyni. Úr forstofunni þar var hurð inn í stofuna en við vesturvegginn var skápur og þar héngu m.a. spariföt húsbóndans með heiðursmerkjum í jakkaboðungi.

Norðan megin var útbygging (bíslag) fyrir miðri húshlið þar sem langoftast var gengið inn. Þar voru dyr inn að hjarta hússins og helsta samkomustað, eldhúsinu, sem var rúmgott, með eldavél og stóru vinnuborði, og búr inn af því. Í eldhúsinu var stórt matarborð þar sem snætt var frá degi til dags og áttu þar allir sitt fasta sæti, húsráðendur hvor við sinn enda. Úr eldhúsi var gengið inn í „stúlkna-herbergi" austan megin. Í því bjuggu áður vinnustúlkur en varð síðar barnaherbergi. Þær voru áður á heimilinu húsmóðurinni til aðstoðar þegar þar var í mat öll hin stóra fjölskylda, vinnumenn og vertíðarfólk, stundum yfir 20 manns. Einu sinni voru þar 28 borðgestir. Stúlknaherbergi var löngu síðar skipt og gert þar baðherbergi (salerni og baðker) við austurvegginn og annað lítið herbergi sem Þorsteinn hafði m.a. til ritstarfa á efri árum, hvort um sig með norðurglugga.

Á vinstri hönd, þegar komið var inn úr anddyri, var stigi upp á loftið, allbrattur. Þar voru átta herbergi, auk gangs. Á fyrri árum voru á efri hæðinni, svo og í efra risi, vinnumenn og vertíðarmenn á báti Þorsteins, sjómenn, aðgerðarmenn og beitumenn. Í suðurkvistinum var á árunum 1920-1922 rekinn smábarnaskóli í Laufási. Þegar Þórhildur kom heim eftir nám í Kvennaskólanum tók hún, ásamt Önnu á Vegamótum, að kenna lestur og fleira gott ungum krökkum sem síðar urðu góðborgarar í Vestmannaeyjum. Uppi á efri hæðinni var allsnemma sett klósett í lítið herbergi í norðausturhorni. Þegar dætur Þorsteins og Elínborgar stálpuðust og stofnuðu heimili voru gerðar tvær íbúðir á hæðinni, önnur handa Önnu og fjölskyldu hennar vestan megin, en hin fyrir Beru og hennar fólk austan megin. Og enn síðar, þegar þessar fjölskyldur fluttust í nýbyggð hús sín í nágrenninu fengu Dagný og Bogi hæðina alla til afnota fyrir sig og börn sín. Risið, háaloftið, var opið rými, en þar voru áður nokkur rúmstæði þar sem sjómenn gátu sofið. Var stigi af efri hæð upp á háaloftið. Annars var þar á seinni árum geymsla fyrir matvæli, t.d. sekkjavöru, mjöl, sykur, kaffi o.fl.

Í kjallaranum var löngum lítil íbúð í vesturenda, nokkuð niðurgrafin og ekki full lofthæð, á að giska 40 m2. Hún var leigð út, eldhús og stofa, með sérinnganginum undir tröppunum að vestan og forstofu. Í húsnæðishraki fyrri ára gerðu menn sér slíkt að góðu. Þar bjuggu á síðari árum ýmsir þekktir Eyjamenn, svo sem Hermann Jónsson, Þorgils og Lára, kennd við Grund, Haraldur Guðnason bókavörður og Ille, kona hans; þar eignuðust þau fyrsta barn sitt. Að öðru leyti var kjallarinn undir þvottahús, auka-eldhús þar sem var mikil kolaeldavél og skilvinda og margt fleira. Í kjallara var enn fremur kolageymsla áður fyrr en síðar miðstöðvarofn (fýr).

Íbúðarhúsið var um 100 m2 að gólffleti, hver hæð, auk bíslagsins



Aðalhæð Laufáss. Þannig var herbergjaskipan alla tíð nema hvað „stúlknaherbergi" var skipt og gert baðherbergi við austurvegg og lítil skrifstofa fyrir Þorstein við hliðina.

Kaffiboð í borðstofunni í Laufási. Hurðum milli herbergja hefur verið rennt frá og sér inn í „betri stofu". Myndin, sem er frá því fyrir 1950, er tekin úr svefnherberginu. Elínborg húsfreyja stendur í dyragættinni nær en Dagný fjær.

Elínborg Jónsdóttir:

Æsku- og unglingsár í Laufási

Ég fæddist í Laufási þar sem foreldrar mínir bjuggu á vesturloftinu eins og það var kallað, frá upphafi hjúskapar síns árið 1939 þar til við fluttumst í nýbyggt hús fermingarárið mitt 1955. Íbúðin á loftinu var ekki stór en þar fæddust einnig bræður mínir, Óli árið 1948 og Steini 1951. Jóhann fæddist í nýja húsinu 1956. Á loftinu hjá okkur var lítið eldhús á norðurkvisti og inn af því lítið herbergi undir súð. Í barnæsku minni hafði þetta herbergi gömul kona sem alltaf var kölluð Stína. Hún hafði verið vinnukona hjá ömmu og afa til fjölda ára en þegar ég man hana var hún lömuð og rúmliggjandi og annaðist mamma hana, og ég man eftir að pabbi var að snúa henni í rúminu þegar hann kom heim af sjónum á kvöldin. Ég lék mér mikið inni hjá henni. Síðan var stofa með tveimur gluggum í vestur og inn af stofunni var súðarherbergi þar sem pabbi og mamma sváfu á dívan sem kallaður var, tvíbreiðum, en þætti varla fyrir eitt barn í dag. Ég svaf á dívan í stofunni en hann gegndi hlutverki sófa á daginn. Þetta var nú íbúðin okkar. Það var náttúrlega ekkert baðherbergi heldur útikamar. En þetta var bara hluti af loftinu. Á austurloftinu voru tvö herbergi og stórt herbergi á suðurkvisti. Þessar vistarverur tilheyrðu íbúð ömmu og afa á neðri hæðinni. Síðar var þar útbúin íbúð fyrir Beru, systur mömmu, og hennar fjölskyldu og einnig var útbúið baðherbergi undir súð. Það var þiljað af öðru herberginu austur á. Þvílíkur lúxus það var að fá baðherbergi og vatnssalerni, en ekki man ég hvaða ár þetta var, sennilega skömmu fyrir 1950. Aldrei man ég eftir ósætti á milli heimilanna þótt búið væri í svo miklu nábýli. Á neðri hæðinni bjuggu amma og afi ásamt yngstu dætrum sínum Dagnýju og Ebbu, og Ástþóri.

norðan megin og fjóss, hlöðu og hesthúss austan megin sem var meira en 70 m2. Alls voru 14 herbergi í húsinu í fyrstu. Tveir reykháfar, 34 gluggar og 32 dyr segir í virðingargerð og byggingarbréfi. Þægindi voru nokkur, ofnar og eldavélar og húsið raflýst þá þegar, en salerni utan húss (kamar). Girt var snoturlega kringum húsið og blómagarður fyrir framan það sunnan megin.

Viðbyggingin austan við húsið var þrískipt. Syðst var herbergi á tveimur hæðum og sneru hurð og gluggi að götunni. Var þessi aðstaða kölluð „Hjallur" og dvaldi Þorsteinn þar löngum stundum við að saga í eldinn og hantéra fisk o.fl. Í miðrými var hlaðan en norðan megin fjósið, og geymsla á loftinu þar. Í hesthúsinu, austustu byggingunni, var svo brúkunarhrossið sem Þorsteinn notaði við útveg sinn og búskap, m.a. til að flytja saltfisk á stakkstæði til þurrkunar.

Íbúar í Laufási.

Síðasta árið, sem Þorsteinn og Elínborg bjuggu í Gamla-Laufási, er ekki sérlega mannmargt þar, þau hjónin og fimm börn þeirra, Fjóla yngst, fædd í apríllok 1912. Þórhildur, sú elsta, er skráð hjá móðurafa og ömmu á Tanganum, þeim Gísla og Ragnhildi, og síðar á Lundi. Hún ólst að mestu upp með þeim. Auk þess eru þar tvær vinnukonur, Kristín Einarsdóttir sem dvaldist hjá Laufáshjónum til æviloka (d. 1947), og Sigríður Jónasdóttir sem enn fremur bjó hjá þeim fram á dánardægur (d. 1928), svo og Sigurður Gíslason vinnumaður.

Fyrsta árið, sem þau eru í nýja húsinu, eru skráðir 16 íbúar þar. Auk fjölskyldunnar flytjast með þeim aðrir íbúar gamla hússins. Brynjúlfur Sigfússon organisti og Guðrún Þorgrímsdóttir, fyrri kona hans, þá nýgift, fá inni í hinu nýbyggða húsi. Enn fremur fær leigt þar Eyvindur Þórarinsson og síðar Sigurlilja (Lilja) sem varð kona hans. Ekki er vitað hvar hvor fjölskylda bjó, önnur líklega í kjallaraíbúðinni en hin á efri hæð. Þá voru þar til húsa tvær aðrar konur sem erfitt er að öðlast frekari deili á.

Kristín Einarsdóttir („Stína"), sem flyst með húsbændum úr gamla húsinu í hið nýja, var í senn vinnukona á heimilinu og barnfóstra. Varð hún börnum og barnabörnum hjónanna afar kær og nærkomin. Var gott að leita til Stínu þegar mamma eða pabbi byrstu sig við börnin. Þorsteinn, Elínborg og systkinin og makar þeirra reyndust henni afar vel er á ævi hennar leið. Síðustu ár sín, eftir heilablóðfall 1941, lá hún rúmföst í herbergi sem hún hafði á efri hæð í Laufási. Sigríður Jónasdóttir („Sigga") vinnukona var líka eftirlæti alls heimilisfólksins. Hún spilaði á nikkuna þegar boðið var upp í dans í eldhúsinu í Laufási í landlegum. Þegar húsmóðirin lá á sæng tóku þessar vinnukonur að sér yngstu börnin, og lengi á eftir, sem þeirra eigin börn væru.

Auk þeirra 16, sem skráðir eru í Nýja-Laufási fyrsta árið hefur dvalist þar fleira fólk um lengri eða skemmri tíma, svo sem sjómenn og vinnumenn. Mun svo hafa verið fram til þess að börn Þorsteins og Elínborgar fóru að heiman og Þorsteinn hætti útgerð sinni. Fram á 6. áratuginn eru þó fjórar fjölskyldur í húsinu, ein á hæðinni, tvær á efri hæð og hin fjórða í kjallara.

Árið 1924 eru 18 skráðir til heimilis í Laufási, hjónin og sjö börn þeirra, Ragnhildur Þórarinsdóttir, móðir Elínborgar, og vinnukonurnar Kristín og Sigríður, vinnufólk, alls fjögur, og í kjallara búa Ólafur Sveinsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir, seinna á Flötunum.

Tíu árum síðar, árið 1934, hefur aðeins fækkað í húsinu skráðum íbúum, börnin eru sex heima, en aðrir íbúar, leigjendur og vinnufólk, sex manns eða samtals 14, auk þeirra sem voru á vertíð eða í kaupavinnu.

Jafnan voru vinnukonur í Laufási. Urðu tvær þeirra sérstaklega kærar heimilisfólkinu og dvöldust þar til æviloka, Kristín Einarsdóttir (1881-1947) og Sigríður Jónasdóttir (1880-1928). Á myndinn er Stína lengst til vinstri en Sigga lengst til hægri. Milli þeirra standa Ásta í Laufási, sem lést ung að árum, 1934, og Anna Guðmundsdóttir frá Torfastöðum. Myndin gæti verið frá því um 1925.

Við lok stríðsins, 1945, eru 10 manns í Laufási, gömlu hjónin og fjögur börn þeirra, auk Stínu vinnukonu, og svo Anna og Leifi með Elínborgu fjögurra ára í séríbúð á efri hæð. Góðum áratug síðar, 1958, hefur enn fækkað, íbúar orðnir 8. Auk gömlu hjónanna er Ástþór skráður þar til heimilis en hann kvæntist í lok þessa árs. Dagný og Bogi Finnbogason eru byrjuð að búa á efri hæð og eiga von á Guðnýju sem fæðist þetta árið. Enn fremur er fjölskylda skráð í kjallara, sú síðasta sem þar bjó, dóttursonurinn Hörður Runólfsson og Kristín Baldvinsdóttir frá Steinholti með Baldvin Þór, elsta barn sitt.

En svo kemur að því að þau Þorsteinn og Elínborg verða ein eftir á hæðinni, og enn fækkar er Þorsteinn fellur frá 1965. Þá búa Dagný og Bogi á efri hæð með börn sín tvö. Hefur þá kyrrð og ró færst yfir húsið þar sem áður var iðandi líf og annir í hverju horni.

Andinn í húsinu, heimilisbragur.

Það var jafnan góður andi og glaður heimilisbragur í Laufási. Anna Þorsteinsdóttir hefur í vönduðu og ítarlegu viðtali í Fréttum 1995 og greinum í Sjómannadagsblaðinu (einkum 1977) sagt frá æskuheimili sínu í Laufási, foreldrum og þó sérstaklega starfi húsmóðurinnar. Má af því sjá hvílíkt fyrirtæki umsvifamikið útvegsheimili var á þeim tíma. Hvíldi það á tveim meginstoðum, annars vegar veiðum, vinnslu afla og sölu hans, og svo rekstri heimilis og landbúskap. Var þá hvort hjóna forstjóri sinnar stoðar.

Húsmóðirin í Laufási var hæg í fasi og góðleg en húsbóndinn fremur fáskiptinn en viðræðugóður ef til þess kom. Verkaskipting milli þeirra hjóna var skýr og að viðtekinni venju frá því að þau giftust 1903 og þar til Þorsteinn lést. Öll verk innan húss voru á vegum Elínborgar og þar lagði Þorsteinn aldrei hönd að. Hann var kvöldsvæfur og sagði gjarnan snemma kvölds og leit til Elínborgar:„Kona." Það merkti að hann hygðist senn leggjast til svefns og þá stóð Elínborg upp, tók ofan af hjónarúmi og bjó um allt fyrir nóttina. Og setti koppinn á sinn stað.

Gömlu hjónin í Laufási, Þorsteinn og Elínborg, á góðri stund í „betri stofunni", enn með blik í augum.

Elínborg Jónsdóttir:

Umhverfi bernsku minnar

Láti ég hugann reika og setji á blað orð um næsta nágrenni æskuheimilis míns í Laufási byrja ég á torginu sem var skammt neðan við Laufás. Miðey var næsta hús ofan við Ásgarð. Í Miðey bjuggu Rósa Guðmundsdóttir og Jón Guðmundsson. Sonur þeirra var Gunnar, einu ári eldri en ég. Við vorum góðir leikfélagar, einnig áttu þau dæturnar Helgu og Guðríði sem voru töluvert yngri en ég. Austan við Miðeyjartúnið var Bólstaðahlíð, reisulegt tveggja hæða hús með risi. Þar bjuggu Ingibjörg og Björn Bjarnason, mikið ágætisfólk. Björn dó á góðum aldri en Ingibjörg bjó áfram í Bólstaðahlíð ásamt börnunum sínum átta, sex dætrum og tveim sonum. Þetta fólk hefur alltaf verið mér mjög kært þótt nokkru eldra sé en ég, allt vinir mínir enda var ég heimagangur hjá þeim. Ég man vel þegar dæturnar voru að kynnast sínum tilvonandi mökum, það var mjög spennandi! Ingibjörg í Bólstaðahlíð var mikil ræktunarkona og átti blómagarð sem var að ég held sá eini í Eyjum og bar það nafn með rentu. Á móti Bólstaðahlíð stóð Garðshorn, tveggja hæða hús. Á neðri hæðinni bjó Ágústa, ekkja, og hafði kostgangara, seldi mönnum fæði. Ágústa var notaleg en í mínu minni frekar fáskiptin. Á efri hæðinni bjuggu Ásta, dóttir Ágústu, og Bjarni Jónsson. Þau áttu Magnús (Mugg), nokkru eldri en ég, og Ágústu sem var tveimur árum eldri en ég, og vorum við góðar vinkonur sem stelpur. Síðar áttu þau Ástu Birnu, nokkru yngri en ég. Hún var voða sætur krakki. Næst austan Garðshorns var Vallanes. Þar bjuggu Sigríður og Baldur. Þau áttu börnin Birki, Sillu, Bjarna og Ósk. Einnig bjó þar Sigurður, faðir Baldurs. Hann hafði smíðaverkstæði í kjallaranum. Við Silla vorum góðar leiksystur og vorum mikið hvor heima hjá annarri. Siggi í Vallanesi var notalegur karl og gaf okkur oft aura fyrir nammi. Næsta hús við Vallanes var „Fillahús", þ.e. Austurvegur 2, en þar bjuggu Jóna og Filippus úr Ásgarði. Það var afskaplega fínt hjá þeim. Er það eina húsið sem enn stendur af húsum bernsku minnar. Þau áttu tvö börn, bæði töluvert eldri en ég, en samt kom ég mjög oft til þeirra. Austan við Fillahús var suðurtúnið í Laufási. Löngu síðar byggðu Ebba, systir mömmu, og Bárður, hennar maður, stórt og myndarlegt hús í túninu og enn síðar byggði Ástþór, frændi minn, fallegt hús í túninu. Það hús varð síðar í eigu Döddu og Axels skó. Enn austar í suðurtúninu höfðu áður byggt Guðrún og Bjarni Eyjólfsson. Þau voru góðir grannar og elskulegt fólk. Austan við Laufás byggðu Bera, systir mömmu, og Ingólfur sitt einbýlishús. Foreldrar mínir byggðu sitt hús vestan við Laufás. Í því húsi var íbúð á jarðhæð og þar byrjuðum við Gaui, maðurinn minn, okkar búskap um áramótin 1960-61 og bjuggum þar uns við fluttum í okkar hús 1. maí 1968.

Loftmynd af Laufási (hringur um húsið við Austurveg) og nágrenni þess fyrir eldgosið 1973. Sjá má hvar hraunjaðarinn liggur. Hús barna Laufáshjóna er austan og vestan við „höfuðbólið", svo og hinum megin götunnar, og vestan þeirra eru „Fillahús", Vallanes og Garðshorn. Norðan megin götunnar, vestan við Laufás og hús Önnu og Leifa, er Bólstaðarhlíð (lítil tjörn í baklóðinni), nýlegt hús Kaupfélagsins (nú Ásgarður), Miðey og handan Grænuhlíðar er Gamli-Ásgarður.

Þorsteinn í Laufási var dagfarshægur og greindarlegur í tali, alvarlegur í bragði, hafði góða stjórn á skapi sínu, sem var mikið, og hann var fastur fyrir. Hann hafði aldrei í skóla farið en talaði sér til gagns ensku, dönsku, þýsku og frönsku, t.d. þegar hann tók að sér að lóðsa erlend skip til hafnar. Þegar á ævidaginn leið fékkst hann talsvert við skriftir og eru bækur hans fróðleiksnámur, vel ritaðar og bera vott um minnisgáfu og nákvæmni. Hann fylgdist vel með öllu og stóð oft síðdegis í eldhúsinu, við norðurgluggann, með kíki fyrir augum til að sjá bátana koma að, stundum í misjöfnum veðrum. Þau hjón voru trúhneigð og Þorsteinn kirkjurækinn, fór til messu hvenær sem hann kom því við og var auk þess söngmaður góður.

Elínborg húsfreyja var skörungur, nokkuð einörð og regluföst og stjórnaði heimili sínu innan stokks. En hún var prúð í yfirbragði, mannblendin, miklu fremur en maður hennar; hafði t.d. gaman af að spila. Hún var í forustu Slysavarnafélagsins Eykyndils og Kvenfélagsins Líknar áratugum saman. Ekki létu þau hjón stjórnmál til sín taka að ráði en voru traustir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins, og Elínborg af meiri sannfæringu þó. Stjórnmál voru hið eina sem gat raskað stillingu hennar,„blá inn að beini" sagði dóttursonur hennar. Tengdasynir hennar voru sumir úr öðrum flokkum og gátu umræður í fjölskylduboðum orðið líflegar, en þó aldrei til vandræða. Elínborg hvatti konur jafnan til að fara á kjörstað í kosningum, svo mjög og lengi sem þær hefðu barist fyrir þeim rétti.

Útgerðin, sjómennska og fiskaðgerð, settu áður sterkan svip á heimilislífið. Þar voru miklar annir og margt manna, sérstaklega yfir vetrarvertíð. Má nærri geta hvílíkt verk það hefur verið fyrir húsfreyju, auk alls annars, að útbúa fyrir sjómennina skrínukost sem þeir höfðu með sér til næsta dags. Húsbóndinn og skipverjar fór til skips síðla nætur eða mjög snemma morguns og höfðu með sér bitakassa og þeim var svo fært kaffi og meðlæti þegar þeir komu að landi.

Elínborg og Þorsteinn á efri árum í eldhúsinu heima í Laufási.

Þrifnaður og regla voru helstu boðorð heimilisins. Flest var í venjubundnum takti, matseðill vikunnar hinn sami ár eftir ár, þvegið á þriðjudögum, bakað á föstudögum og burstaðir skór o.s.frv. Heimilisreksturinn var margþættur og mikill, svo að minnti á veitingastað, þvottahús, saumaverkstæði, bakarí o. fl. Lífið var þó ekki eintómt strit. Laufásbúar lyftu sér oft upp, mikið var um að vera á hátíðum en þess utan, svo sem í landlegum eða á laugardagskvöldum, var glatt á hjalla, spilað og sungið og jafnvel dansað.

Talsverður búskapur var stundaður í Laufási meðan mest var um að vera og lauk ekki að fullu fyrr en 1955. Þar voru flest fjórar kýr í fjósi en oftast þrjár sem mjólka þurfti kvölds og morgna, gefa og hirða um. Enn fremur var fé, en ekki margt. Því þurfti að gefa og sinna og slátra og verka afurðir á haustin. Og loks var hesturinn. Heyja þurfti handa skepnum að sumri og tún Laufáss voru stór, gáfu um 60 hestburði. Kartöflugarðurinn var skammt undan. Fuglatekja var í Suðurey og Súlnaskeri.

Þorsteinn í Laufási mun ekki hafa stundað að ráði fuglaveiði í útey jum eða farið til eggja eins og margir formenn og bændur gerðu, heldur fremur verið við sumarróðra í Eyjum eða við Austurland. Hann brá sér þó stundum milli róðra í Heimaklett og þaðan í Miðklett þar sem var veiðistaður hans mót norðri og veiddi lunda.

Íslenskur matur var á borðum í Laufási, fiskur í flest mál, soðinn, saltur, steiktur, bollur og fleira, en þess utan kjöt, saltað og reykt,

Laufás við Austurveg 5 á fyrstu dögum gossins í janúar 1973. Á myndinni má sjá hús Önnu og Leifa (t.h.), nr. 3, og hús Beru og Ingólfs (t.v.), nr. 7.

tvisvar í viku, og svo súrmatur. Glatt var yfir matarborði á kvöldin og fréttir sagðar af sjó og úr bæjarlífi. Eftir mat var oft tekið í spil og hlustað á útvarp, auk ýmissa verka fyrir heimilisrekstur eða útveginn.

Heimilisvinir voru margir, ekki síst eftir að börn fóru að stálpast. Þorsteinn og Elínborg fóru á seinni árum sjaldan af bæ, hann þó fremur, en nokkrir nánir vinir komu til þeirra, sumir á föstum tímum, t.d. Guðmundur Böðvarsson smiður hvern sunnudag, og Ragnheiður og Ólafur á Flötunum voru nánast eins og partur af fjölskyldunni. Engilbert málari, bróðir húsfreyju, kom oft. Enn fremur voru tíðir gestir Jónatan í Breiðholti, Stefán í Skuld, Scheving í Heiðarhvammi og Erlendur á Gilsbakka. Sigurlaug og Thomas Thomsen frá Sólnesi, en hann rak Thomsens-smiðju (síðar Steinasmiðju) við Urðaveg, og börn þeirra voru miklir heimilisvinir og höfðu búið í Laufási um skeið. Og margir aðrir, sem dvalist höfðu í Laufási eða unnið með þeim hjónum, komu í heimsókn og litu inn. Alltaf átti Elínborg nóg í búri. Gott nágrenni var kringum Laufás, ekki síst var góður samgangur við Bólstaðahlíð sem var næsta hús að kalla og Ásgarðsfólk.

Gamlir íbúar hússins, vertíðarmenn hjá Þorsteini, karlar úr sveitunum sunnanlands, ekki síst undan Fjöllunum, komu jafnan við í Laufási ef þeir áttu leið um Eyjar, enda kærleiksband milli hjónanna og flestra þeirra sem hjá þeim unnu, lengur eða skemur. Einn nánasti samverkamaður Þorsteins á Unni VE var Geir Guðmundsson á Geirlandi. Hann var hjá honum samfellt 18 vertíðir, lengst af mótoristi. Milli þeirra ríkti gagnkvæm virðing.

Elínborg og Þorsteinn voru raungóð og réttu mörgum bæjarbúum hjálparhönd, þeim sem nauðuglega voru staddir eða bjuggu við sára fátækt og erfiðleika. Ýmist var það mjólk úr fjósinu, fiskur, kjöt eða aðrar nauðsynjar. Barnabörn minnast þess er þau voru send með poka í vissa staði. Urðu þau þó að þegja vandlega um því að ekkert mátti fréttast.

Öllum fannst Laufásfólkið glatt, vinsamlegt, duglegt, áreiðanlegt, reglusamt og hjálpsamt. Þar var enginn til vandræða.

Endalokin 1973

Húsið Laufás stóð á sínum trausta stalli allar götur fram til 1973. Það þótti um margt sérstakt, ekki aðeins fyrir það hve glæsilegt það var, stórt og í góðu standi, heldur líka hve orðstír húsráðenda var mikill.

Laufás í gosinu. Myndin er sennilega tekin í febrúar-mars 1973 þegar mikilli ösku hafði rignt yfir austurbæinn. Norðurhlið Laufáss sést vel frá Grænuhlíð, milli húsanna nr. 8, sem Angantýr Elíasson frá Hlaðbæ og Sigríður Björnsdóttir frá Bólstaðarhlíð áttu, og nr. 10 þar sem Sigurgeir Jónasson, ljósmyndari frá Skuld, og Jakobína Guðlaugsdóttir í Geysi bjuggu. – Sigurgeir minnist þess þegar gamli maðurinn, Þorsteinn í Laufási, kom út snemma á morgnana, signdi sig og pissaði svo móti rísandi sól í austri.

Eftir að Þorsteinn Jónsson lést 1965 og Elínborg, ekkja hans, varð ein eftir á aðalhæðinni í Laufási bjó Ólafur Jónsson, dóttursonur hennar, hjá henni nokkur ár. Allt var því óhreyft þar frá fyrri árum er ósköpin dundu yfir aðfaranótt 23. janúar 1973. Dagný og Bogi, ásamt tveim börnum þeirra, Guðnýju og Erlendi, bjuggu á loftinu þegar eldur kom upp í Helgafellsöxl.

Guðný var 14 ára þegar eldgosið hófst. Hún var látin sofa niðri hjá ömmu sinni á dívan í svefnherbergi hennar, en hafði annars gömlu skrifstofu afa síns beint á móti sem aðstöðu fyrir sig til að læra og sinna sjálfri sér.

Allt var að venju og með kyrrum kjörum í Laufási mánudagskvöldið 22. janúar 1973. Hvasst var úti og það heyrðist á húsinu, hvein í og veggir dúuðu, en slíkt sætti ekki tíðindum þar á bæ. Fjölskyldan öll borðaði kvöldmatinn saman í stóra eldhúsinu niðri eins og vant var, en Dagný var ekki heima þennan dag, hún hafði brugðið sér „suður" með systur sinni til að vera í sjötugsafmæli Þórhildar, elstu systurinnar.

Elínborg var á 90. aldursári og enn þá býsna spræk, en þó var farið að gæta ýmissa marka ellinnar. Hún hafði yndi af spilum. Guðný spilaði við hana, oftast marías og rússa, en þess á milli lagði hún kapal, heklaði líka talsvert og sinnti um heimilisstörf eins og þörf var á. Sjón var farin að daprast og Guðný las þá fyrir ömmu, m.a. talsvert af ástarsögum.

Kvöldið fyrir gosið vakti Bogi, skipstjóri í Laufási, lengi fram eftir til að heyra veðurfregnir. Veðrið var að ganga niður. Er líða tók fram yfir miðnætti varð hann var ókyrrðar og þegar ofan á hana bættist undarlegur hvinur fór hann á stjá. Var þá ekki um að villast. Bogi áttaði sig strax á að eldur var kominn upp og jörð að rifna austan við Kirkjubæi frá suðri til norðurs og þangað var ekki langur vegur. Bogi vakti son sinn og kallaði niður til dóttur sinnar. Guðný reyndi að vekja ömmu sína, en hún vildi ekki hlusta á „þessa vitleysu" né gegna því að fara á fætur. Það gerði hún ekki fyrr en Anna, dóttir hennar, og Leifi komu úr næsta húsi, en vildi samt helst ekki trúa augum sínum né því að hún væri í vöku.

En stuttu síðar mátti gamla konan, Elínborg í Laufási, ganga út úr húsi sínu í síðasta sinn eftir 60 ára búsetu þar og viðburðaríkt líf innan veggja þess. Hún fór með „ættarskipinu" Gullbergi til Þorlákshafnar, langa sjóferð í leiðindaveðri, en þar í höfninni tóku dætur hennar á móti henni. Hún fór svo til Þórhildar austur í Fljótshlíð og var þar fram á sumar, en síðustu mánuði í Hafnarfirði hjá Ebbu og Bárði. Elínborg bar ekki barr sitt eftir eldgosið, þráði það eitt að komast heim. Svo var heilsu hennar komið veturinn á eftir að hún gat ekki verið ein og svaf Steinunn Bárðardóttir hjá ömmu sinni síðustu vikurnar. Elínborg í Laufási lést í byrjun marsmánaðar 1974.

Þegar sýnt þótti næstu dægur eftir að gosið hófst hvert stefndi var flestu bjargað úr húsinu. Voru þar að verki ættingjar og niðjar Laufáshjóna og fluttu þeir búslóðir af Laufástorfunni með Gullbergi VE til Reykjavíkur. Eitthvað mun þó hafa orðið eftir á háaloftinu í Laufási, t.d. gamlar kistur. Sífellt lagðist meiri og þyngri gosaska á Laufás eins og önnur hús við Austurveginn. Er leið á marsmánuð stefndi í voða í austurbænum og að kveldi föstudagsins 23. mars og fram á nóttina urðu mestu áföll og tjón í gosinu þegar um og yfir 60 hús fóru á fáum klukkustundum undir hraunbreiðuna sem þá vall fram.

Degi áður eða tveim var Ólafur Jónsson í húsi afa síns og ömmu við annan mann. Grófu þeir sig inn til að sækja síðustu muni og skriðu loks út um þakgluggann með dót í fanginu, síðustu menn sem stóðu undir þaki þessa glæsilega og sögufræga húss. Gífurlegt farg hvíldi á húsinu og Ólafur minnist þess hve það titraði mikið og skalf, líkt og grátekki væri.

Leifarnar af Laufási þegar hraun og aska úr Eldfelli hafði lag húsið í rúst í lok mars 1973.

Laufástorfan

Niðjahópurinn frá Laufási er stór, sennilega á 4. hundrað manns, fæstir í Vestmannaeyjum, e.t.v. aðeins 20. Tvö systkinanna, Þórhildur og Fjóla, komust yfir hundrað ár í aldri. Ástþór lést í febrúar á þessu ári, en síðust alsystkina kvöddu Dagný (2016) og Bera (2019). – Sr. Sváfnir Sveinbjarnarson prófastur, sonur Þórhildar, er elstur niðjanna, 92 ára gamall.

Svo fór að fjögur börn þeirra Elínborgar og Þorsteins byggðu hús sín á Laufáslóðinni eða þar í kring, og að auki bjuggu Dagný og Bogi á efri hæðinni hjá þeim. Anna og Jón Guðleifur bjuggu vestan við Laufás, á Austurvegi 3, og Gísli í kjallaranum hjá þeim eftir að hann varð einn. Bera og Ingólfur byggðu fyrir austan, á Austurvegi 7. Hinum megin við götuna, á Austurvegi 4, bjuggu Ebba og Bárður og austan við þau, á Austurvegi 6, reistu Ástþór og Guðrún sitt hús. Aðeins Fjóla og Jón yngri bjuggu í Reykjavík og Þórhildur í Fljótshlíð, en allir aðrir „í túninu heima". Eins og gefur að skilja varð samgangur systkinanna og foreldra þeirra mikill, allt fram að eldgosinu þegar allt tvístraðist. Börn þeirra systkina léku sér mikið saman og böndin héldust sterk milli þeirra. Elínborg minnist t.d. sameiginlegs flatkökubaksturs fjölskyldnanna í kjallaranum á Laufási fyrir þjóðhátíð, jól eða ef eitthvað stóð til, svo og þegar silfur þeirra var fægt fyrir stórhátíðir og við önnur sameiginleg verkefni ættarinnar.

Barnabörnin í nágrenni Laufáss sóttu talsvert til afa og ömmu sem voru þeim hlý og góð og gjafmild. Og á túninu léku þau sér gjarnan. Minnast sum þeirra þess þegar afi kallaði krakkana inn og lét þá lesa fyrir sig. Hann hélt að þeim bókum og hvatti þau til að lesa og læra og vildi fylgjast með framförum þeirra í námi.

.....

Höfundur þakkar Elínborgu Jónsdóttur (Vm.) fyrir alla aðstoð við samantektina, svo og sr. Sváfni Sveinbjarnarsyni yfir ábendingar og minningar um afa sinn. Enn fremur Steinunni Bárðardóttur, Elínborgu Jónsdóttur (Rvík) og Guðnýju Bogadóttur fyrir upplýsingar og lán á myndum og þeim Gísla Má Gíslasyni, Þorsteini Ingólfssyni og Gísla B. Björnssyni fyrir yfirlestur o.fl. Allt eru þetta barnabörn Laufáshjóna. Pétur Ármannsson arkitekt veitti mikilvægar upplýsingar um húsagerðina, vinnubrögð húsasmíðameistara og benti á frekari fróðleik um sveitser-stíl. Heimildir voru sóttar í greinar Önnu Þorsteinsdóttur frá Laufási og prentuð viðtöl við hana. Til Skjalasafns Vestmannaeyja, þeirra systra Jónu og Hrefnu, var gott að leita, svo og Þjóðskjalasafns, að ónefndum Kára Bjarnasyni, um eldri skjöl og myndir. Mikið gagn var að ýmsum prentuðum heimildum, þar á meðal bókum Þorsteins í Laufási þótt í þeim sé sárasjaldan vikið að einkahögum eða heimilislífi. Sigríður Haraldsdóttir og Margrét Sigurðardóttir í Reykjavík veittu upplýsingar um Ágúst Johnson og lánuðu myndir. Og eru þá ónefndar vefslóðirnar timarit.is og heimaslod.is — þær miklu gullnámur. Margir aðrir, sem of langt mál væri að telja, hafa sinnt kvabbi höfundar og eru þeim færðar þakkir.

Helgi Bernódusson

Sr. Sváfnir Sveinbjarnarson:
Í lundaveiði með afa í Miðkletti

Fyrstu ferð mína til Vestmannaeyja fór ég 14 ára (1942) með vélbátnum Gísla Johnsen sem var notaður til ferjuferða milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Þetta var fyrsta sjóferð mín og ævintýraleg reynsla í endurminningunni. Líklega hefi ég verið þarna í fylgd með móður minni, Þórhildi Þorsteinsdóttur Jónssonar formanns í Laufási í Vestmannaeyjum.

Þegar kom út fyrir skerjagarðinn við Stokkseyri valt báturinn nokkuð á öldunni og þegar nálgaðist Þrídranga var ég farinn að finna til velgju og nokkurra óþæginda, en slapp þó við uppköst. Sama varð þó ekki sagt um samferðakonu eina sem var svo sjóveik að hún lá með hljóðum og uppköstum og hrópaði þess á milli í sífellu: „Ó, ó, hendiði mér í sjóinn, hendiði mér í sjóinn." Fleiri voru sjóveikir og hölluðu sér öðru hvoru út yfir borðstokkinn.

Í Vestmannaeyjum vorum við svo hjá afa mínum Þorsteini og ömmu minni Elínborgu í Laufási líklega í vikutíma eða svo. Mér er óglöggt í minni það sem gerðist þessa daga nema einn daginn tók afi mig með sér í lundaveiði í Miðkletti. Við gengum vestur á Eiði og svo upp í Heimaklett um klungur og króka uns kom upp í snarbrattar grasbrekkur. Þar var götuslóði út í Miðklett. Fórum við yfir eggina og niður að hamrabrún norðanmegin. Þarna var smábás á blábrúninni

Sr. Sváfnir Sveinbjarnarson, prófastur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, elsta núlifandi barnabarn Laufáshjóna, 92 ára, sonur Þórhildar.

og hægt að skorða sig með fótfestu á báðar hliðar. Afi kom sér fyrir með háfinn sem var með löngu tréskafti. Lundinn var á flugi, fjöldi fugla og flugu mest í hringi upp að bjargbrúninni og aftur út til hafsins. Afi hélt háfnum niður með berginu en þegar fugl kom í færi sveiflaði hann háfnum upp og aftan að fuglinum sem þá fataðist flugið og lenti í netinu. Væri háfnum sveiflað upp framan við fuglinn tókst honum yfirleitt að sneiða fram hjá honum.

Þorsteinn afi kunni greinilega lag á þessu og fangaði hvern fuglinn af öðrum, sneri úr hálslið og kastaði upp til mín en ég setti í poka. Þar kom að hann vildi kenna mér veiðibrögðin, skipti um stöðu við mig, lét mig fara niður í básinn í bjargbrúninni og rétti mér háfinn. Þrátt fyrir þjakandi lofthræðsluna tókst mér í nokkrum tilraunum að slysa fjóra lunda og koma þeim í hendurnar á afa, sem hrósaði mér fyrir tilburðina. Hann batt svo pokana saman og bar í bak og fyrir á niðurleið.

Þegar við komumst svo niður úr klettaklungrunum fór afi að segja mér frá fengmesta veiðideginum sem hann hefði upplifað: Hann hafði þá róið árla morguns og hlaðið bátinn og komið fengnum í land. Síðan róið aftur og fullhlaðið í annað sinn og landað og gert að aflanum með mönnum sínum. Var því lokið fyrir miðjan dag. Veðurblíða var og datt honum þá í hug að bregða sér í lundaveiði í Miðkletti, á sama stað og við höfðum nú verið. Gekk þar allt að óskum og þegar hann var að leggja af stað niður með feng sinn varð honum litið yfir sundið milli lands og Eyja. Sér hann þá dautt stórhveli á reki norður af Heimakletti, hraðar sér heimleiðis, kallar út skipshöfn sína og siglir „út á Eyjarsund". Þar setur hann í hvalinn og dregur fyrir Klettsnefið og inn í höfnina, allt inn í Botn, þar sem hann var skorinn og unninn.

Þetta taldi hann óefað mesta afladaginn á sjómannsævi sinni.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
MARPORT
DEEP SEA TECHNOLOGY

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
Deloitte.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
2þ ehf

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
PÓLEY

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
ÍSFELL
www.isfell.is

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
VIGTIN
BAKHÚS

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
KUBBUR
Umhverfið okkar

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
Heimaey
fasteignasala | skipasala | tryggingar
Þjónustuver

Eyjamaðurinn Einar Elíasson, byggingameistari og iðnrekandi á Selfossi, flugmaður, frumvöðull og eigandi rörafyrirtækisins Set hf.:

Athafnalífið og náttúran í Eyjum hafði hvetjandi og skapandi áhrif

ÓMAR GARÐARSSON

Einar Elíasson fæddist í Vestmannaeyjum 20. júlí 1935. Er af þeirri kynslóð sem lagði grunninn að og byggði upp það samfélag sem við búum við í dag. Kynslóð sem fæddist inn í kreppuna á fjórða áratug síðustu aldar og þekkti að það þarf að hafa fyrir lífinu. Einar er og verður Eyjamaður og tók út sinn þroska hér en örlögin skiluðu honum á Selfoss. Lærði trésmíði en byrjaði framleiðslu á steypurörum þegar þrengdi að í byggingariðnaði. Þar var hann réttur maður á réttum tíma og það sama má segja þegar hann hóf framleiðslu á hitaveiturörum úr plasti. Einar ásamt fjölskyldu sinni stofnaði fyrirtækið Set hf. á Selfossi sem starfar á fjórum stöðum, Selfossi, Reykjavík, Þýskalandi og Danmörku. Velti á síðasta ári 3,3 milljörðum og er með 90 manns í vinnu. Það er kannski miður að hann fann athafnaþrá sinni og dugnaði ekki farveg í Vestmannaeyjum en minnumst þess að hér ólst hann upp. „Ég minnist bernskuáranna í Eyjum sem tíma mikils frelsis til sköpunar í skemmtilegu umhverfi.

Frá vinstri Einar, Guðfinna Elín, Bergsteinn, Örn, eiginkonan Sigríður Bergsteinsdóttir og Sigrún Helga.

Uppruni og æskuár

Foreldrar Einars voru Guðfinna Einarsdóttir og Þórður Elías Sigfússon. Guðfinna var fædd að Stuðlum í Norðfirði 1906 og flutti ung með móður sinni, fóstra og yngri systrum til Vestmannaeyja. Elías var fæddur aldamótárið 1900 á Valstrýtu í Fljótshlíð. Þegar foreldrar hans fluttu suður á Reykjanes var honum komið í fóstur á Arngeirsstöðum og þar ólst hann upp. Elías vann á búi fósturforeldra sinna og fór fimmtán og sextán ára á vertíðir í Herdísarvík.

Elías settist að í Vestmannaeyjum upp úr 1920 og hóf nokkrum árum síðar búskap með fyrri konu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur frá Kirkjulæk í Fljótshlíð. Árið 1928 byggði Elías húsið að Hásteinsvegi 15, sem hann stækkaði síðan á árunum eftir stríð.

Guðfinna átti einn son Sigurberg f.1927 d.2015. Faðir hans var Hávarður Þórðarson frá Neðra dal í Mýrdal f.1902 d.1932. Elías varð ekkjumaður með tvö börn eftir að Guðrún féll frá, Ernu Kristínar f.1925 d.2020 og Sigfúsar Ágústar f.1927 d.1948. Hann kom börnunum í fóstur upp á land hjá vandamönnum eftir lát Guðrúnar en þau komu aftur til Eyja eftir að Guðfinna Einarsdóttir og hann hófu sambúð. Einar átti því þrjú hálfsystkin þegar hann kom í heiminn og eignaðist síðar bróðurinn, Sigfús Þór f. 1944.

> *Ég man eftir kistunum þar sem þær stóðu á búkkum inni í stofu í húsinu okkar á Hásteinsveginum. Ætli þetta sé ekki það fyrsta sem ég man og svo hvernig aðkoman var á Burstafelli,*

Fyrsta minningin – Brunin á Burstafelli

Fyrsta minning Einars tengist sorglegum atburði. „Við bjuggum á Hásteinsvegi 15, heimili fjölskyldunnar. Það var mikill harmleikur sem er fyrsta minningin, bruninn á Burstafelli sumarið 1938," segir Einar.„Fólkið kom saman heima en beðið var eftir að strandferðaskipið Súðin kæmi frá Reykjavík daginn eftir á leið sinni austur á land. Vilhjálmur Árnason á Burstafelli var að koma með skipinu en hann hafði verið í Reykjavík að taka inntökupróf í menntaskóla. Fólkið var allt heima hjá okkur á Hásteinsveginum. Sigríður, dóttir Árna, systir mömmu var að fara heim til sín austur á Norðfjörð með elstu dóttur sína. Maður hennar, Óskar Lárusson var farinn á undan. Pabbi var að fara með austur á Raufarhöfn með Súðinni." Þetta var því einskonar kveðjuathöfn heima á Hásteinsveginum. „Um kvöldið fóru gestirnir niður á Burstafell og við fórum snemma að hátta. Mamma var alltaf sein í rúmið, átti eftir að gera ýmislegt áður en hún komst í svefninn. Svo fer brunalúðurinn allt í einu í gang og hún sér reykjarsúlu standa upp úr Burstafelli," segir Einar en um þetta segir í Víði 18. júní 1938.

Þrír brunnu inni

„Á miðvikudagskvöld, eða um miðnætti, vildi til hér eitt hið ægilegasta brunaslys sem orðið hefir í Vestmannaeyjum, að því er Víðir best veit. Í húsinu á Vestmannabraut 65, húsi Árna Oddssonar, umboðsmanns Brunabótafélags íslands, kom skyndilega upp eldur sem magnaðist ógurlega fjótt. Slökkvilið kom fljótt á vettvang og vel gekk að slökkva eldinn," að því er segir í Víði.

En þá var sagan ekki öll sögð:„Við þennan bruna varð hörmulegt og sorglegt slys. Húseigandinn Árni Oddsson, yngsti sonur hans, Óli Ísfeld tíu ára og dóttursonur hans, Árni sjö ára brunnu þar inni. Árni Oddsson var tæplega fimmtugur að aldri."

„Ég man eftir kistunum þar sem þær stóðu á búkkum inni í stofu í húsinu okkar á Hásteinsveginum. Ætli þetta sé ekki það fyrsta sem ég man og svo hvernig aðkoman var á Burstafelli," segir Einar um þennan viðburð sem greipst hefur í barnssálina.

Árni sem þarna fórst var umboðsmaður Brunabótafélagsins í Eyjum, innheimtumaður fyrir Rafveituna og ýmis fyrirtæki og var með skrifstofu inni í stofu hjá sér. „Var kominn á gott ról en svona fór þetta. Ég á ennþá bankabók sem hann gaf okkur krökkunum, með tíkalli í sem var þó nokkur upphæð."

Frelsi og sköpun

Ekki segist Einar hafa verið mikið í íþróttum sem ungur maður en lét sér samt ekki leiðast.„Ég átti nóg af vinum og félögum og var alltaf að. Ég minnist bernskuáranna í Eyjum sem tíma mikils frelsis til sköpunar í skemmtilegu umhverfi. Það var ekki bara þjóðfélagið sem var að breytast heldur líka leikir barnanna í takt við nýja atvinnuhætti. Það voru smíðaðir bílar og bátar og kofar reistir."

Þetta var á stríðsárunum og breskt herlið var í Eyjum. „Leikir okkar strákanna fóru heldur ekki varhluta af áhrifum stríðsins. Leikfélagar mínir í hverfinu voru meðal margra annarra, strákarnir í Mörk að Hásteinsvegi 13, nokkru eldri en ég, Bragi og Tómas Jónssynir og Þorsteinn Guðjónsson. Á bak við Mörk var á þeim tíma herstöð okkar peyjanna. Bragi var foringinn í þeim leikjum og uppbyggingu stöðvarinnar sem varð vettvangur ímyndunaraflsins. Þar voru víggirðingar, tjöld og mikið af hlutum sem við hirtum úr björgunarflekum sem bárust til Eyja af hafi frá skipalestum bandamanna. Bragi í Mörk var handlaginn og bjó til flotta herriffla fyrir okkur úr timbri og jarnrörum."

Góðir vinir og félagar

Einar segist hafa verið töluvert með Ágústi Bergssyni syni Ella Bergs frá Dyrhólum sem bjó á Skólavegi 10. „Elli Bergur og faðir minn unnu þá hjá útgerð Kjartans ljósmyndara. Pabbi hóf síðan störf hjá Rafmagnsveitu Vestmannaeyja við byggingu nýju rafstöðvarinnar og við lagningu rafstrengja í jörð á árunum 1947 til 1948."

Eftir það fór faðir hans að vinna hjá Einari Sæmundssyni við húsbyggingar, meðal annars við byggingu Vinnslustöðvarinnar þar sem hann ílengdist og vann í mörg ár. Hann var um árabil formaður verkalýðsfélagsins og virkur í starfi Alþýðuflokksins.„Ég man að á þessum tíma var mamma í sumarvinnu hjá Ólafi Auðunssyni útgerðarmanni en hann gerði út bát sem hét Veiga og vann afla af honum í saltfisk sem þurrkaður var á stakkstæðum. Hún vann líka við heyskap því Ólafur var einnig með kúabúskap."

„Við Þorsteinn Guðjónsson frá Mörk, Steini á Lögbergi urðum áfram góðir vinir á unglingsárunum og hann fór með mér mikla ferð austur á firði og hérað og norður um land á Ford herjeppa sem ég keypti þegar ég fékk bílprófið."

Mætti ekki fyrsta daginn í fermingarfræðslunni

Einar segir þetta hafa verið mjög gott líf fyrir unga og spræka krakka. „Við byrjuðum sjö ára í Barnaskólanum og vorum búin um fermingu. Ég fermdist 1949 og þá var séra Halldór Kolbeins kominn en það var séra Sigurjón sem skírði mig. Ég man alveg eftir fermingunni," segir Einar og rifjar upp daginn þegar þau byrjuðu að ganga til prestsins.

Aftari röð: Einar, Sigurbergur Hávarðsson, Anna Ragnarsdóttir, eiginkona hans og Sigfús Þór Elíasson. Neðri röð: Guðfinna Einarsdóttir, Eyþór Sigurbergsson og Elías Sigfússon. Myndin er tekin 1954.

„Daginn áður kom bróðir minn, Ágúst Elíasson frá Bretlandi. Hann hafði verið fenginn til að fara í siglingu með fisk til Englands, á Sídon VE. Hann var vanur að sigla, hafði oft gert það seinni stríðsárin. Hann kemur heim undir kvöld og var strax kominn í vinahópinn. Hann kemur ekki heim um kvöldið og það er farið að svipast um eftir honum um morguninn. Þennan sama dag átti ég að byrja að ganga til spurninga.

Ég mæti ekki og Halldór Kolbeins kemur heim klukkan fjögur, bankar upp á spyr hvort hér sé ekki drengur sem eigi að mæta til hans í fermingarundirbúning? Þá var honum sagt að það hafi orðið dauðsfall í fjölskyldunni, en Gústi bróðir féll á milli skips og bryggju."

Ungt fólk streymdi til Eyja

„Ég held að athafnalífið og náttúran í Eyjum hafi haft hvetjandi og skapandi áhrif á þá sem ólust þar upp. Ekki eingöngu á þau sem staðið hafa í atvinnurekstri og framkvæmdum um ævina heldur líka á marga aðra á sviði fræða, lista og menningar," segir Einar. „Vélbátavæðingin á fyrsta áratug síðustu aldar hleypti krafti í Eyjarnar og ungt fólk streymdi þangað, sumir til að freista gæfunnar og hefja eigin rekstur. Urðu öflugir útgerðarmenn og fiskverkendur og stofnuðu fyrirtæki og félög með tíð og tíma," segir Einar um þetta merka tímabil í sögu Vestmannaeyja.

„Ég var ansi sjálfstæður sem krakki, fór í sveit að Fjósum í Mýrdal tólf ára og líka árið á eftir og vinnan í Eyjum hófst strax upp úr fermingu. Fyrsta vinnan var í H-30 eins og forveri Vinnslustöðvarinnar var kallað. Var þar eitt sumar og þá voru allir bátar á snurvoð og komu með flatfisk í land sem var frystur. Síðan varð ég starfsmaður á Dalabúinu í einn vetur og tvö sumur hjá Guðjóni sem giftur var Helgu systur mömmu. Ég vann síðan hjá bænum á loftpressu sem leigð var út og við fleiri störf. Síðan var ég lengi í Fiskiðjunni, bæði við vinnsluna en líka við byggingar fyrirtækisins."

Upphafið að ofveiði við Ísland

En ekki var alltaf vinnu að fá í Eyjum. „Faðir minn vann við síldarbræðsluna á Flateyri árið sem ég fæddist en það sumar brá svo við að engin síld barst þangað. Var það í fyrsta skipti sem síldin fór ekki vestur fyrir Horn. Það bjargaði miklu þá að togararnir fundu Karfamið fyrir vestan land og var Karfinn unninn í verksmiðjunni allt sumarið. Þetta var upphafið af ofveiði á fiski. Síldin færðist austar með landinu þar til hún var horfin. Já, fólk fylgdi fisknum og svo er nánast búið að útrýma hverri tegundinni af annari. Síldin horfin, loðnan horfin, og fleiri tegundir."

Eins árs var Einar með foreldrum sínum á Raufarhöfn og aftur þegar hann var fimm ára.„Ég man vel eftir því. Það var ferðast með strandferðaskipunum sitt á hvað, fullt af fólki sem var að leita að vinnu."

Á leið á Laugarvatn vorið 1955 í sumarvinnu við endurbyggingu Héraðsskólans, mynd tekin í Skálholti, frá vinstri, Björgvin Guðnason frá Stóra Dal, Fögruvöllum í Eyjum, Einar Elíasson Hásteinsvegi 15, Guðjón Pétursson frá Kirkjubæ og Sigurður Jónsson, Húsavík-Vestmanneyjum. Billinn er Dodge 1942 í eigu Einars eins og bílinn á safninu sem er hins vegar 1939 árgerð keyptur á safnið frá Bandaríkjunum góðæris árið 2006 þegar dollarinn stóð í 62,00 Kr.

Auglýsing á ljósastaur breytti öllu

Áfram heldur lífið í Eyjum en árið 1955 er stóra vendingin í lífi Einars þegar hann sér auglýsingu á ljósastaur í vertíðarlok. Hún markaði tímamót en þar var óskað eftir mönnum í sumarvinnu að Laugarvatni við endurbyggingu á Héraðsskólanum en burstir hans höfðu brunnið í eldsvoða 1947.

„Tilurð auglýsingarinnar var að Björn Sigurðsson frá Hallormsstað í Eyjum, var verktaki við framkvæmdina og hann fékk Baldvin Skæringsson sem varð síðan verkstjóri við framkvæmdina til að útvega menn og setja upp auglýsingu. Guðmann Skæringsson, bróðir Baldvins vann líka með okkur á Laugarvatni.

Á unglingsárunum eignaðist ég fjölda annarra vina og meðal þeirra voru strákarnir sem fóru síðar með mér á Laugarvatn, Guðjón Pétursson frá Kirkjubæ og Björgvin Guðnason frá Fögruvöllum en við vorum allir jafnaldrar. Guðni Grímsson árinu eldri, var líka mikið með okkur," segir Einar.

Úr varð að þeir réðu sig og fóru saman á Laugarvatn vorið 1955. Gaui frá Kirkjubæ, Bölli frá Fögruvöllum, ásamt Sigga í Húsavík og Eiríki á Sólheimum. „Unnum við þar allir í tvö sumur með fleiri Eyjamönnum en ég varð áfram eitt sumar í viðbót. Af hverju Vestmanneyingi var falin framkvæmd þessa verkefnis veit ég ekki. Það urðu engin óhöpp hjá okkur við þetta klifur á burstunum en öryggisbúnaður var enginn á þeim tíma og ég minnst þess ekki að lofthræðsla hafi hrjáð okkur."

Ánægður með Eyjamennina

„Þriðja sumarið 1957 varð ég einn eftir þegar verkefninu var lokið. Ég vann þá við ýmsan frágang, meðal annars dúkalögn sem lauk daginn sem skólasetningin fór fram um haustið. Þegar ég var að reyna að yfirgefa svæðið mætti ég Bjarna Bjarnassyni skólastjóra sem var á leið til athafnarinnar. Hann leit á mig og sagði; „Ertu í vinnugallanum ennþá? - farðu og skiptu um föt, þú átt að vera við setninguna."

„Þegar ég kom til baka var fólk mætt í salinn og mér var vísað í autt frátekið sæti á fremsta bekk, gengt Bjarna. Hann vildi greinilega hafa eina Eyjamanninn sem eftir var á staðnum við skólasetninguna. Bjarni þakkaði hversu vel hefði tekist til við vinnu okkar við endurreisn skólans. Mér er líka minnistætt að Jónas frá Hriflu kom í nokkur skipti á þessum árum og fylgdist með framkvæmdinni."

> *Eftir útskriftina 1964 hóf ég eigin rekstur sem staðið hefur óslitið síðan. Það var hins vegar þá sem mér varð ljóst að KÁ drotnaði yfir bæjarfélaginu og ákveðin tenging var á þeim árum á milli samvinnufélaganna, hreppsins og stjórnenda hans.*

Stefnan tekin á Selfoss

Á Laugarvatni kynntist Einar fyrrverandi eiginkonu sinni og barnsmóður, Sigríði, dóttur Bergsteins Kristjónssonar yfirkennara Héraðsskólans. „Við Sigga hófum síðar búskap á Selfossi en ástæða þess var að vorið 1958 þurfti ég að finna mér vinnu eftir vetursetu í Eyjum".

„Kristjón Kristjónsson, bróðir Bergsteins tilvonandi tengdaföður míns en þeir voru frá Útey í Laugardal fór með mér á Selfoss að athuga möguleika á starfi. Við heimsóttum m.a. Kristinn staðarsmið Vigfússon, Guðmund Sveinsson og fleiri og fórum á skrifstofu Guðmundur Böðvarssonar hjá Kaupfélagi Árnesinga. Guðmundur sýndi áhuga en hann kæmi mér ekki í húsasmíðina fyrr en með haustinu og ég kom því á framfæri að ég hefði meiraþróf."

„Guðmundur hringdi eftir nokkra daga og réð mig í sumarafleysningar í stuttan tíma á flutninga- og mjólkubílum KÁ en svo fór að ég vann þar allt sumarið. Ég kom því fyrst einn á Selfoss eftir Laugarvatnsárin en íbúar þá voru orðnir um 1500 og bærinn stækkaði hratt vegna umsvifa samvinnufélaganna Kaupfélags Árnesinga og Mjólkurbús Flóamanna. Fyrirtækja sem stofnuð voru í upphafi fjórða áratugarins. Selfoss var gjörólíkt Vestmanneyjum í atvinnuháttum og pólitík.

Auk samvinnufélaganna var S. Ólafsson öflugt félag í verslun og þjónustu en því var stuttu síðar breytt í kaupfélag, - Kaupfélagið Höfn."

Eigin rekstur í ríki KÁ

Guðmundur Böðvarsson kallaði Einar aftur á sinn fund eftir sumarstarfið og bauð honum að koma á námssamning í húsamíði hjá trésmiðju KÁ. „Guðmundur var einstaklega hæfur skipuleggjandi og stjórnandi hjá Kaupfélaginu. Ég hóf störf hjá KÁ og nám í húsasmíðinni og tók bóklega hlutann í Iðnskóla Selfoss. Eftir útskriftina 1964 hóf ég eigin rekstur sem staðið hefur óslitið síðan. Það var hins vegar þá sem mér varð ljóst að KÁ drotnaði yfir bæjarfélaginu og ákveðin tenging var á þeim árum á milli samvinnufélaganna, hreppsins og stjórnenda hans."

Einar segist í sjálfu sér hafa haft lítil efni á að hefja eigin rekstur sem byrjaði í bílskúrnum þar sem smíðaverkstæðið var fyrstu árin. „Ég byggði fyrst þrjú einbýlishús við Seljaveg á Selfossi og starfsemin vatt upp á sig."

Þegar einar dyr lokast opnast aðrar

„Árin á eftir allt fram til 1969 var góður gangur þar til byggingamarkaðurinn hrundi vegna efnahagssamdráttar þegar síldin hvarf. Það varð mér erfitt en á þeim tíma brast á flótti iðnaðarmanna til Norðurlandanna. Ég hugleiddi svo sem alla möguleika á þeim tíma en afréð loks eftir nánari skoðun að beina kröftunum að stofnun fyrirtækis í framleiðslu steinsteyptra holræsaröra því þá var mikil vakning í lagningu á fráveitukerfum bæjarfélaga. Það var engin rörasteypa til á Suðurlandi og ég sá tækifæri í því. Ég fékk 300 þúsund króna lánsloforð hjá Búnaðarbankanum í Hveragerði því ég var aldrei vel séður í Landsbankanum á Selfossi, það var pólitík.

Ekki í náðinni hjá Bankanum á Selfossi

Ég hafði reynt að fá lán þar þegar ég hóf byggingastarfsemina, - settist fyrir framan Einar Pálsson, bankastjóra og sagði honum fyrirætlanir mínar og hvað mig vantaði að láni. Hann spurði mig hvaðan ég væri, hvað pabbi minn gerði og fleira. Hann fór ósköp rólega í þetta en allt í einu stóð hann upp. Gekk að dyrunum, opnaði þær, hélt í húninn þannig að ég kæmist út og sagði; - þú færð enga peninga hér."

Steinröra vélarnar höfðu hækkað um helming vegna gengisfellinga þegar kom að því að leysa þær út en þá kom Búnaðarbakinn í Hveragerði Einari aftur til hjálpar. „Tryggvi Pétursson bankastjóri sagðist hafa lofað að lána mér fyrir þeim og hækkaði lánið eins og þurfti".

Þannig hófst nú rekstur sem hefur dafnað og stækkað á þeim rúmum 50 árum sem liðin eru. Upphaflega í steinrörum sem liggja þvers og kruss um allt Suðurland og víðar. „Bygging fyrsta verksmiðjuhúss fyrirtækja okkar við Eyraveginn hófst 1968, 240 fermetra lítil steinröra-verksmiðja. Húsið var tilbúið árið eftir og framleiðslan byrjaði í apríl 1969. Fyrsti viðskiptavinur fyrirtækisins var Sigurður Guðmundsson, byggingameistari á Selfossi stofnandi SG Einingahúsa. Agnar Pétursson kom ungur úr Vestmanneyjum og var minn fyrsti og eini lærlingur í húsasmíði. Hann stýrði meðal annars vinnuflokki sem ferðaðist um sveitir landsins og steypti súrheysturna í skriðmótum."

Náðu sér á strik eftir erfiða byrjun

„Upphafsárin í steinrörunum voru erfið en smátt og smátt náðum við árangri. Fyrstu bæjarfélögin sem við náðum að selja vörur til voru bæjarfélög á Suðurnesjum aðallega Grindavík og við náðum

Til vinstri má sjá vinnufélagana í Fiskiðjunni í vertíðarlok 1958. Frá vinstri, Hans Gíslason, Einar Elíasson, Sigurður Jónsson, Guðlaugur Helgason, Helgi Egilsson, Eiríkur Sigurjónsson, Símon Kristjánsson og Benedikt Frímannsson. Á myndinni hér að ofan er Einar staddur á sama stað við Fiskiðjuna árið 2007.

Bygging Steypuiðjunnar 1968, fyrsta verksmiðju hússins. Einar, 33 ára, stendur lengst til vinstri og við hlið hans Bergsteinn, 8 ára.

einnig Mosfellsbæ þar sem sú nýjung var tekin upp að leggja tvöfalt frárennsliskerfi skólps og regnvatns. Við höfðum einnig nokkuð góða stöðu á Suðurlandi. Steypuiðjan hóf framleiðslu á milliveggjaplötum úr Hekluvikri og hleðslusteini úr Rauðamöl en mikill markaður var fyrir þær vörur í byggingar á þeim tíma."

Mitt í rekstri Steypuiðjunnar hófst svo Vestmanneyjagosið. „Ég gleymi seint þeirri nótt þegar síminn hringdi og mér var tjáð hvað væri að gerast heima í Eyjum. Dagana á eftir fór tíminn sem var rólegasti árstíminn í starfseminni í að taka á móti búslóðum bróður míns, frændfólks og æskufélaga og koma þeim fyrir í bílskúrum kunningja og vina. Lífið breyttist ekki bara í Eyjum þennan örlagavetur heldur einnig uppi á landi. Viðlagasjóðshverfin spruttu upp og Selfyssingar reistu tugi húsa fyrir fjölskyldur frá Vestmanneyjum. Starfsemi Steypuiðjunnar tók kipp og árin 1974 til 1976 urðu okkar allra stærstu. Um leið komu nokkrir Eyjamenn til starfa hjá okkur um tíma."

Flugnám og flugvöllur

Ungum mönnum er allt mögulegt og gosárið 1973 hóf Einar flugnám hjá Flugskóla Helga Jónssonar. „Meðfram náminu í flugtímum kviknaði fljótt áhugi minn á að koma upp aðstöðu til flugs á Selfossi og ég fékk augastað á ónýttu landsvæði á sandmelum sunnan við Selfoss. Til lítils var að taka flugpróf fannst mér ef enginn væri flugvöllurinn. Við eftirgrennslan við Pál Lýðsson, í Litlu Sandvík kom í ljós að landeigendur að þessu ónýtta svæði höfðu áður fengið fyrirspurn frá Jóni Guðbrandssyni, dýralækni á Selfossi."

„Samstarf okkar Jóns varð fljótt til þess að gerður var samningur við landeigendur um byggingu flugvallarins. Flugklúbbur Selfoss var stofnaður 1974 í Steypuiðjunni og framkvæmdir við byggingu vallarins hófust. Jón I. Guðmundsson yfirlögregluþjónn í Árnessýslu var einn þeirra flugáhugamanna sem hóf flugnám eftir þetta og varð hann fyrsti formaður Flugklúbbsins. Sigurður Karlsson verktaki átti einnig mjög mikinn þátt í byggingu og viðhaldi flugvallarins og auðvitað fjöldi annarra flugáhugamanna."

Set hf. verður til

Set hf. stofnaði Einar árið 1978 ásamt Hans Bjarnasyni og Kristjáni Óla Hjaltasyni. Framleiðsla á foreinangruðum stálrörum til hitaveitulagna byrjaði sama ár. „Steypuiðjan kom fljótt af stað framleiðslu á plasthlífðarrörum fyrir einangrun hitaveituefnisins og síðan plaströrum fyrir fleiri notkunarsvið. Bergsteinn sonur minn kom þeirri vinnslu af stað árið 1980. Set náði með því strax í upphafi góðri stöðu í einangrun stálröra með eigin plaströrum Steypuiðjunnar og rekstur félaganna var sameinaður fimm árum eftir stofnun Set."

Það má segja að þú sért tvisvar réttur maður á réttum stað. Annars vegar þegar átak er gert í fráveitum og hins vegar þegar öll sveitarfélög sem áttu möguleika á komu sér upp hitaveitum. „Já, gott dæmi um þetta er Grindavík þar sem ekki var fráveitukerfi þegar átakið hófst. Þeir keyptu allt af okkur og á sama tíma er Mosfellssveitin að byggjast upp." Og Einar bætir við; „ Framkvæmdahrinan á hitaveitusviðinu varð svo síðar vegna olíukreppunnar þegar verð á eldsneyti til húshitunar stórhækkaði og jarðvarmavæðingin hófst fyrir alvöru. Þetta voru hvoru tveggja aðstæður sem höfðu áhrif á þróun fyrirtækjanna."

Öflug þrenning

Hugmyndina að framleiðslu á hitaveiturörum hafði Einar íhugað en lét til skrarar skríða þegar Hans Bjarnason mikill áhugamaður um nýsköpun, kom einn daginn inn á skrifstofuna til hans og spyr hvort hann sé ekki með hugmynd að fyrirtæki.

„Ég sagði honum þá frá þeirri hugmynd minni, að framleiða hitaveiturör. Hans var mikill áhugamaður um möguleika plastefna og sýndi strax áhuga á verkefninu. Niðurstaðan varð sú að við settum fyrirtækið á fót og fengum við Kristján Óla Hjaltason þáverandi framkvæmdastjóra Vatnsvirkjans einnig til liðs við okkur. Hans var útsjónasamur og góður smiður og annaðist hann framkvæmdir og uppbygginguna í upphafi. Við keyptum búnað til einangrunar á stálpípunum en fyrsta stóra verkefnið var framleiðsla á einangrun á stofnæð hitaveitu Þorlákshafnar. Hægt gekk í fyrstu en svo féllu mörg stór og mikil verkefni í okkar hlut í útboðum á níunda áratugnum. Hans og Kristján Óli seldu síðar hluti sína og reksturinn var sameinaður rekstri Steypuiðjunnar 1984. Samkeppnin varð mikil innanlands í einangruður rörunum og plströrum og síðar urðu útboð alþjóðlegri og samkeppni er enn mikil við innfluttar vörur, sérstaklega þegar krónan er of sterk."

> *Það er eðli fyrirtækja að stækka og verða öflugri til að ná í verkefni og nú erum við eini framleiðandinn hér á landi og með þó nokkra stöðu erlendis. Það kemur nú á síðustu árum til góða sú glimmrandi góða þjónusta sem Færeyingar bjóða með Mykinesinu sem siglir reglulega á milli Þorlákshafnar og Evrópu.*

Séð yfir athafnasvæði Set ehf. á Selfossi.

Á Selfossi, Reykjavík, Þýskalandi og Danmörku

Starfsemi Set er nú á fjórum stöðum; á Selfossi, í bænum Haltern am See í Þýskalandi þar sem Set Pipes GmbH var stofnað 2009, í Reykjavík þar sem vöruhús og dreifingarmiðstöð er og nýlega var opnuð söluskrifstofa í Danmörku. Einar er spurður nánar um Set hf. og hvað fyrirtækið hefur náð að vaxa og dafna. „Þetta var bara lítil eining til að byrja með. Svo kom Bergsteinn inn í þetta um leið og hann byrjaði að vinna. Seinna var ég bara orðinn fyrir. Þriðja kynslóðin er löngu kominn af krafti inn í reksturinn með bræðrunum," segir Einar og viðurkennir að hafa alls ekki séð fyrir að Set ætti eftir að verða það öfluga fyrirtæki sem það er í dag.

„Það er eðli fyrirtækja að stækka og verða öflugri til að ná í verkefni og nú erum við eini framleiðandinn hér á landi og með þó nokkra stöðu erlendis. Það kemur nú á síðustu árum til góða sú glimmrandi góða þjónusta sem Færeyingar bjóða með Mykinesinu sem siglir reglulega á milli Þorlákshafnar og Evrópu. Þorlákshöfn er umtalsvert nær meginlandinu í siglingartíma og höfnin í Rotterdam er bara í tveggja tíma akstursfjarlægð frá verksmiðju okkar úti. Þetta styrkti okkur mikið og við erum meðal stærstu viðskiptavina Smyril skipafélagsins í dag".

Og áfram skal haldið. „Við erum komnir með nýja lóð við flugvöllinn og erum að undirbúa byggingu þar. Já, þetta hefur gengið vel og það að vera með 80 manns í vinnu þykir bara nokkuð gott. Alltaf á sömu kennitölunni og hef aldrei farið á hausinn," segir Einar sem má vera, og er ánægður með sinn hlut en samanlögð velta Set - félaganna var um 3,3 milljarðar á síðasta ári 2019.

Á fullt í áhugamálin

Með árunum minnkaði Einar við sig vinnu við fyrirtækið án þess þó að setjast í helgan stein.

„Um aldamótin fór ég að vinna að því að koma áhuga mínum á skipulagsmálum bæjarins á framfæri með tillögu að nýju miðbæjarskipulagi á Selfossi m.a. á lóðum sem ég hafði fest kaup á.

Þeim hugmyndum sem ég vann á grundvelli húsagerða Ingimundar Sveinssonar arkitekts var í upphafi ágætlega tekið en ullu að lokum töluverðum deilum og fengu ekki brautargengi. Eftir að ég sleppti hönd af verkefninu komu fram nýjar tillögur danskra arkitekta sem einnig var hafnað.

Eftir það tók til við að gera flugskýlið á Selfossflugvelli upp, einangraði það og klæddi að innan. Þá var ég farinn að safna munum, aðallega hlutum frá veru bresku RAF strandgæslu flugsveitarinnar í Kaldaðarnesi. Haraldur Eldon Logason, flugáhugamaður var búinn að koma merkum hlutum til mín og margir fleiri sýndu þessu áhuga og veittu aðstoð. Arngrímur Jóhannsson flugstjóri og flugrekandi kostaði heimsókn eftirlifandi meðlima flugsveitarinnar til landsins í nokkur skipti. Kom að þeim viðstöddum upp minnismerki á Selfossflugvelli árið 1999. Arngrímur er sjálfur hluti flugsögu okkar lands og aðkoma hans að þessu verkefni er virkilega þakkarverð."

Merk saga

„Fjölskyldufyrirtækið hefur gengið vel og þann tíma sem ég hef fengist við safnið hefur það gefið mér kraft í uppbygginguna. Ég vona innilega að herminja- flug- og bíla safnið og vinna mín við það verði fólki áfram til ánægju og fróðleiks, íbúum og gestum innlendum og erlendum eftir minn dag.

Það varðveitir sögu Kaldaðarness- og Selfossflugvalla á ólíkum tímum, ekki síst sögu ungu drengjanna í RAF flugsveit breta á Ölfusárbökkum á tímum síðari heimstyrjaldarinnar en 52 þeirra fórust þann tíma sem sveitin hafði aðsetur hér fyrir neðan Selfoss. Ég er líka stoltur af áræði okkar sem byggðum flugvöllinn og komum starfseminni í kring um flugið hér á stofn. Flugið gaf mér í gegn um lífið tækifæri til að heimsækja æskustöðvarnar Vestmannaeyjar oftar en annars hefði orðið því auðvelt er að skjótast þangað á fáeinum mínútum. Eyjarnar hafa alltaf togað mig til sín," segir Einar að endingu.

Eftir máli

Það er of sögum sagt að ég geti eignað mér þetta viðtal sem má kenna um kófinu en kannski líka þakka því fjölskylda Einars hefur lagt sig fram um að segja sögu hans sem á erindi til okkar allra. Sögu manns sem lifað hefur tímana tvenna og þrenna. Við Einar töluðum saman í síma, annað ekki í boði en þetta varð nóg til þess að finna, að þarna er maður sem ég hefði viljað kynnast fyrr á ævinni.

Ómar Garðarsson

Einar í flugvél sinni TF PJE sem er af gerðinnu Cessna Skyhawk 172.

Flugmennirnir í fjölskyldunni. Einar ásamt Kristjáni Bergsteinssyni, sonarsyni sínum, flugmanni hjá Icelandair á Boeing 757 frá 2017 fram undir Covid.

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.

Viska
Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

STAVEY

Slökkvitækja- & Gúmmíbátaþjónusta Vestmannaeyja

Atlas

Bergur VE

KRÁIN

Bifreiðaverkstæði Harðar & Matta

BRAGGINN

SKIPALYFTAN EHF. VESTMANNAEYJUM

VÉLAVERKSTÆÐIÐ ÞÓR

Þórunn Sveinsdóttir VE

Mars ehf.

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta.

FMV
FISKMARKAÐUR VESTMANNAEYJA HF.

EINSI KALDI
VEITINGASTAÐUR | VEISLUÞJÓNUSTA

HOTEL VESTMANNAEYJAR

Íbenholt

EYJABLIKK

Axel Ó.

GEISLI

KLETTUR

PÍPULAGNIR
897-1425 897-1445

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Sjálfstæðisfélögin í Vestmannaeyjum

Siglingatæki

KÆLING EHF
Uppsetning og þjónusta á frysti-, kæli- og krapakerfum

Sjómannafélagið Jötunn

Saga og minjar

Fiskhellar og Þorlaugargerðishilla

BALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON

Í Vestmannaeyjum eru merk ummerki fyrri tíðar sem eru einstök á landinu. Þar er til að nefna Skansinn og hleðslurnar í Fiskhellum. Skansar, sem voru virki oftast með grjóthleðslum við innsiglingar með fallbyssum, voru óvenjulegir hérlendis. Slíkur var þó við Seyluna skammt frá Bessastöðum á Álftanesi og einnig er hægt að nefna til svokallað Batterí í Reykjavík. Ummerkja þess fyrrnefnda sér lítt stað nú og hins síðarnefnda alls ekki. Skans var einnig í Vestmannaeyjum sem hefur verið endurgerður í rás aldanna og er nú með heillega mynd en er nokkuð aðþrengdur vegna hraunsins frá 1973.

Fiskhellum hefur hins vegar engin rækt verið sýnd og minjarnar þar látnir hverfa án þess að bregðast við til varðveislu þeirra. Þetta voru grjótbyrgi á syllum í bjarginu þar sem geymdur var fiskur. Séra Gizur Pétursson (f. 1651 – d. 1713) segir í „Lítilli tilvísan um Vestmannaeyja háttalag og bygging“:

„Fiskhellar mjög hátt promontorium, hér um 70 faðma hátt, gnapandi fram í loftið, sem eins spíðs húsbust, fast móberg með mörgum pöllum og skútum og nefjum. Á þessum nefjum, pöllum og skútum eru byggð steinbyrgi eður krær, hvar inni að innbyggjendurnir geyma sinn fisk á vetrartímanum, sem þeir taka hálfharðan af fiskránum, en þornar þar inni til fulls, því vindur blæs alls staðar inn um holurnar, en dögg og votviðri slær fyrir bergið, so ei kemur inn í skútana. Nokkur fá af þessum byrgjum eru með hurð og læsing.“

Einnig „Sum af þeim hafa engan annan grundvöll á að standa en þann af mönnum er gjörður, þar so til hagar, að nef eða gnýpur tvær standa fram úr berginu samsíðis; leggja þar á milli sterk tré, fjalir og flatar hellur þvers á milli trjánna, og byggja þar so upp með steinum.--- Fiskirár eru víða um bergið. Leggja þeir tré á milli tveggja nefja og hengja þar upp á fiskinn ráskertan, hver þeir kalla ráskerðing. En mesta part brúka þeir stög af kaðli, þar bergið er slétt og framskútandi, með þeim tilbúningi, að þeir reka járnnagla inn í móbergið og binda upp við þá kaðalinn með snærisspottum, er þeir kalla pakkabönd. Þessi innbyggjaranna hentisemi kemur mörgum ókenndum undarlega fyrir sjónir, svo hana álítandi að þeir vildu ei svo lífi sínu voga, þó mikinn auð gulls og silfurs þangað sækja ætti og eigandi að verða þar hættusamast sýnist.“



Mynd 1. Fiskhellar. Mynd tekin á leiðinni inn í Herjólfsdal. Glöggt má sjá afstöðu á áætlaðri Þorlaugargerðishillu í bjarginu. Sennilega voru fiskbyrgin mikið á syllunum skáhallt frá henni til hægri og niður að lægsta stallinum, sem er sennilegast sá sem var kallaður Steðjabringur.

Tyrkjaránið

Þessi mannanna verk gætu verið upphaflega frá fornum tíma og hafi fylgt sjávarútveginum allt frá 13. öld og þau komu við sögu í Tyrkjaráninu svokallaða árið 1627. Þá sat á Ofanleiti séra Ólafur Egilsson og lenti hann í ráninu en kom til baka ári síðar. Hann skrifaði um þá reynslu sína reisubók þar sem hann segir meðal annars að 4 nafngreindir menn, „sem eftir urðu“ (voru ekki herteknir), hafi náð að fylgjast með hvernig ránið gekk fyrir sig (af Hánni og úr Fiskhellum sér vítt yfir eyna sérstaklega vesturhlutann) og segir: „En þessi er þeirra frásögn frómra manna, sem ég áður nefndi: Þrír af þeim voru komnir í smáhella með sínum kvinnum og börnum í því fjalli, sem nefnt er Fiskhellar.“ Einnig segir hann: „4 skotnir í hel í hellum, aðrir 4 þaðan tældir af Tyrkjum og sviknir“. Þá má geta þess að með sýsluvöld fór þá Kláus Eyjólfsson lögréttumaður og sat í Hólmum í Landeyjum en hélt út í Eyjar strax eftir ránið, sem hann hefur þurft að gefa skýrslu um. Samkvæmt frásögn hans hefur aðkoman verið hræðileg og lýsir hann framgöngu ræningjanna meðal annars svo: „og ei stóð fyrir þeim nokkur hamar framar en þeim færustu Íslenzku, sem dæmi gaf vitni, að þeir utan vað fóru upp í þau byrgi og hella, sem þeir Íslenzku geymdu fisk sinn, hvað eð finnst frá sléttri grund hundrað faðmar. Þaðan sóttu þeir konur utan nokkurs vaðs eða kaðals með þeirra börnum, og var þeim auðvelt niður að koma. En þá, sem þeir þóttust ekki geta með góðfelldu náð, skutu þeir í hel og sumt af því féll niður úr greindum hamri 100 faðma, sumt 60 faðma, sumir sátu þar eftir í hel skotnir sem væru þeir lifandi.“

Þá má geta frásagnar Gizurar Péturssonar, en til hans er vitnað hér fyrr, sem var fæddur í Eyjum og þá skammt liðið frá ráninu svo raunsannar lýsingar þeirra sem til þekktu gætu hafa verið þar á ferðinni og hann segir um Fiskhella í ráninu: „Upp í þessi byrgi flýði fólkið í ræningjatíðinni, og karlmenn drógu þangað upp í vöðum konur og börn, en Tyrkir klifruðu upp í þá neðstu og stærstu palla og skutu svo langs með berginu til fólksins, þar sem þeir sáu það á hillum og skútum, svo sumt datt dautt ofan fyrir bjargið.“ Þeir sem björguðust undan ræningjunum hafa vafalaust verið á hæstu og torkleifustu syllum sem var auðvitað vænlegast til að sleppa því þar náðist síst til þeirra. Ræningjarnir eirðu engu sem þeir náðu til og hertóku eða drápu, því svo mikil var grimmdin í hundtyrkjanum sem svo var kallaður. Athyglisvert er að Ólafur Egilsson segir um þá sem hann lenti í „og það meina ég að flestir af þeim væru Engelskir.“ En einhverjir eyjabúa hafa getað skýlt sér í byrgjunum í Fiskhellum sbr. frásagnirnar hér fyrr og bjargast undan ræningjunum sem sennilega hafa ekki verið með búnað eða kunnáttu til að síga í syllurnar ofan frá en erfitt gat verið að ná til hæstu þeirra neðan frá.

> *Upp í þessi byrgi flýði fólkið í ræningjatíðinni, og karlmenn drógu þangað upp í vöðum konur og börn, en Tyrkir klifruðu upp í þá neðstu og stærstu palla og skutu svo langs með berginu til fólksins, þar sem þeir sáu það á hillum og skútum, svo sumt datt dautt ofan fyrir bjargið.*

Í „Útskýringartilraun fyrir Vestmannaeyjar“ Jóns Jónssonar Austmanns (f. 1782 – d. 1858) prests á Ofanleiti segir hann: „Sunnan á móti fjalls þessa, í Hánni, er fallegt bjarg, sem kallast Fiskhellar. Þar er að meiningu höfundarins, sem þetta hefur samið, einhvert það besta vígi, einstigið upp að klifrast 12-14 álna hátt, þverhníft. Síðan fyrir ofan einstigið taka við stórar og langar hillur og heilmörg fiskbyrgi, allt inn undir sig og á ská upp úr öllu valdi, hvað á fætur öðru, upp og niður að öðru. Mætti þar sýnast að fáir menn gætu án hættu, með grjóti og vopnum, einkum skotum, varið alla uppgönguna.“ Þetta er svæðið sem sjá má á mynd 1 og merkt er frá Steðjabring að Þorlaugargerðishillu (áætlaðri). Í Tyrkjaráninu varð fátt um varnir sem kunnugt er. Þeir komu eyjaskeggjum að óvörum, sem voru að öllu leyti vanbúnir að mæta vopnuðum vígamönnum, hvað sem spekúleringum seinnitíma manna líður en óneitanlega má hugsa sér að hægt hafi verið að verjast víða í eyjunum hafi menn haft eitthvað í höndun-



Mynd 2. Bjargið neðan við áætlaða Þorlaugargerðishillu. Horft er uppeftir berginu sem sýnist ansi torkleift. Það hefur verið mikið fyrir því haft að koma fiskinum þangað upp 50-60 m úr brekkunni fyrir neðan. Mynd tekin 23. maí 2005

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.

GRÖFUÞJÓNUSTAN BRINKS

Viktors hárstofa

FVE

Leo Seafood Icelandic quality product

olís

Lögmannsstofan

Fasteignasala Vestmannaeyja

MIÐSTÖÐIN

Bílaverkstæði Sigurjóns Vestmannaeyjum Flatir 20 • Sími:481-3235

N1 Nesti

Steini og Olli BYGGINGAVERKTAKAR

ALÞRIF

LÖGMENN VESTMANNAEYJUM

Fiskmarkaður Þórshafnar

Donna www.donna.is

Volare

Bylgja VE

IceMar Icelandic Export

Hellugerð AGNARS

KÆLI FÉLAGIÐ VESTMANNAEYJUM

net hamar

Málarinn þinn

RÞV

Steini pípari

DRÍFANDI STÉTTARFÉLAG VESTMANNAEYJUM FYRST STOFNAÐ 1917

Tanginn eat. drink. enjoy.

STÁLSMIÐJAN FRAMTAK EHF

FRÁR VE

TÖLVUN

um og ráðrúm til að koma sér fyrir.

Höfundur þessara lína (fæddur 1951) ólst upp í vesturbænum í Eyjum, sem svo var kallaður. Þá lá leið hans oft inn í dal þ. e. Herjólfsdal. Því varð hann svolítið kunnugur Fiskhellum mest tilsýndar og var að klifra þar eins og strákar gerðu gjarnan en ég ætla ekki að stæra mig af miklum afrekum á þeim vettvangi. Mér finnst nú að það hafi verið á þessum dögum mínum uppistandandi miklu meiri hleðslur en nú má sjá. Einnig finnst mér eins og ég muni eftir einhverju spýtnaverki, en ekki er viðbúið að það endist lengi. Tíminn hefur unnið sitt verk meðal annars með jarðhræringum, þegar grundvöllurinn er tæpur, og svo varð ég einhverju sinni vitni að því að strákar, í óvita- og galsaskap, veltu þarna niður steinum úr byrgjum sem þeir komust upp í. Mér er minnisstætt að ég sagði í leikfimitíma hjá Friðriki Jessyni (f. 1906 – d. 1992) á Hóli kennara frá þessu og þá sagði hann að þetta mætti alls ekki gera. Friðrik var ákaflega mikill Vestmannaeyingur í sinni og menningarlega stemmdur sem kunnugt er.



Mynd 4. Austasti og lægsti hluti Fiskhella. Þar er nú helst að sjá leifar grjótbyrgja en eitt þó helst heillegt sem er ef til vill það sem kallaðist Sporðhilla sbr. tilvísun í Gísla Lárusson.

Þorlaugshilla

Mig langaði til að kynna mér með örnefni í bjarginu og komst í örnefnaskrá fyrir Vestmannaeyjar eftir Gísla Lárusson í Stakkagerði (f. 1865 - d. 1935). Gísli segir: „efsta byrgið er nefnt Þorlaugargerðishilla. Þar áttu nokkrir menn að hafa komist af í Tyrkjaráninu." Hann segir einnig að „neðsta hillan á leið upp að byrgjunum er nefnd Steðjabringur en austast Sporðhilla." Í minni mínu voru hleðslur skáhallt upp frá þessum Steðjabring, eins og lýsingar hér á undan segja, en eru nú horfnar að mestu eða öllu leyti af myndum að dæma. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1948 segir Jóhann Gunnar Ólafsson (f. 1902 – d. 1979): „Byrgi þessi eru mörg talsins…" og „Einnig eru í berginu ryðbrunnir naglar, sem reknir hafa verið í það, til þess að strengja bönd á milli nefja." Þorlaugargerðishilla er vafalaust kennd við samnefndan bæ fyrir ofan hraun á suðurhluta Heimaeyjar. Ég hafði samband við þá Eyjamenn sem mér hugnuðust helst að gætu veitt mér frekari upplýsingar. Enginn þeirra gat upplýst mig um þessa ákveðnu hillu. Bestu upplýsingar um Fiskhella fékk ég hjá Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni (f. 1935 - d. 2020) fyrrum skólastjóra og benti hann mér á grein um þá sem hann ritaði í þjóðhátíðarblað Týs 1965 og svo má geta pistils hans í Árbók FÍ 2009. Ekki var hægt að finna út úr þessum gögnum hvar þessi ákveðna hilla er í bjarginu en grein hans er samt langsamlega besta heimild sem ég hef komist yfir um hellana og atburði tengda þeim. Hjá Guðjóni Ármanni kemur fram að til hlunninda hverri jörð var talið að eiga fiskbyrgi í Fiskhellum en ekki kom fram hvar það var í bjarginu. Til þess hefði helst þurft einhvern uppdrátt eða teikningu. Það er athyglisvert að þetta virðist hvergi skráð. Sennilega kemur það til af því að fyrrum var allt land og býli í Eyjum konungseign (til 1874) og þessar jarðir þar og hlunnindi þeirra gætu þá bara hafa verið munnlegt samkomulag milli manna hvernig staðið var að nýta þau þegar um formlegt eignarhald var ekki að ræða. Þess má geta að skv. Guðjóni Ármanni þá hafi byrgin verið notuð svo lengi sem fram á 20. öld.

> *„Byrgi þessi eru mörg talsins…" og „Einnig eru í berginu ryðbrunnir naglar, sem reknir hafa verið í það, til þess að strengja bönd á milli nefja." Þorlaugargerðishilla er vafalaust kennd við samnefndan bæ.*

Svo vildi ég hafa upp á ljósmyndum af þessum mannanna verkum þarna í klettunum og umfangi þeirra. Ég hef leitað stíft að slíku en allt komið fyrir ekki. Það voru fyrrum ljósmyndarar í Eyjum og sá sem myndaði þar fyrstur (skv. Heimaslod.is) var Friðrik Gíslason (f. 1870 – d. 1906), bróðir Jes (föður Friðriks kennara), en ekki tókst mér að komast í mynd eftir hann af svæðinu. Svo er ekki heldur um auðugan garð að gresja frá seinustu öld því það er eins og menn hafi ekki áttað sig á gildi þessara minja eins og það væri sjálfsagt um alla framtíð að þau varðveittust. Þetta kann þó að leynast einhvers staðar en ég hef alla vega ekki haft spurnir þar af. Því tók ég mig til að mynda þarna og reyndi að sjá hvar leifar hleðslna sæust hæst, sem væri þá sennilega þessi Þorlaugargerðishilla sem Gísli Lárusson getur. Vænlegri staði fyrir grjótbyrgi ofar er ekki að sjá. Ég merkti niðurstöður mínar á þessar myndir sem ég tók og fylgja greininni. Svo reyndi ég að mynda lítilsháttar leifar þessara byrgja sem enn sjást og eru heillegastar. Mér finnst eins og ég minnist helst byrgja skáhallt þarna upp frá þessum Steðjabring (sjá myndir 1 og 4 með merkingu minni), sem er í samræmi við fyrrnefnda tilvísun í Jón Austmann og Gísla Lárusson, en ummerkja þessara byrgja sjást ekki lengur stað eftir leiðangra mína og myndatöku. Það er frekar aðeins austar og þá á stöðum sem eru ókleifir flestum. Sérstaklega er það aðeins eitt byrgi sem virðist alveg uppistandandi. Það er synd að svona sé komið fyrir flestum af þessum merku minjum. Þess má geta að á eyjum við Írland hafa varðveist hlaðin byrgi sem ná allt aftur fyrir byggð Íslands.

Sem fyrr greinir þótti staðurinn einkar góður til að þurrka og geyma fisk en hann er fjarri höfninni og því óvenjulega mikil fyrirhöfn að flytja fiskinn frá hafnarsvæðinu og svo að koma honum upp í bjargið. Saga Fiskhella er merk um atvinnuhætti og lífsbaráttu fyrri kynslóða í Eyjum, og tengist örlagaríkum atburðum í lífi þeirra, sem ástæða er að varðveita með ummerkjum sínum.

Baldur Þór Þorvaldsson

Mynd 3. Þorlaugargerðishilla? Efstu grjóthleðslur sem sjást í berginu. Þarna er vafalaust aðeins um að ræða leifar byrgis í líkingu við það sem sjá má á mynd 5.

Mynd 5. Heillegasta grjótbyrgið sem enn má sjá (staðsetn. sbr. mynd 4). Til samanburðar er greinarhöfundur sem stendur undir því. Mjög erfitt væri að komast í það neðan frá án sérstaks útbúnaðar en hægt væri að síga í það ofan frá. Mynd tekin 17. júlí 2011.

Þess er að geta að þar sem í þessari grein er vitnað til Reisubókar Ólafs Egilssonar og frásagnar Kláusar Eyjólfssonar er átt við útgáfu Almenna bókafélagsins Reykjavík frá 1969 þar sem Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur sá um útgáfuna.


GLEÐILEG JÓL
Piper/TBWA \ SIA
Óskum Vestmannaeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
SKAGINN 3X

Hátíð í bæ
TOYOTA Á ÍSLANDI
Óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegrar hátíðar. Það var gaman að fá að vera með í för á árinu sem er að líða og við hlökkum til að eiga enn fleiri samverustundir með þér og þínum nánustu á nýju ári.
LAND CRUISER

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Pökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!
matís

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Pökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!
Umbúðamiðlun ehf.

Látnir kvaddir

Fólk sem búið hefur í Vestmannaeyjum í lengri eða skemmri tíma og látist hefur á árinu.

Aðalheiður Margrét Angantýsdóttir
áður Víðidal v/Vestmannabraut
f. 8. júní 1943 - d. 13. júlí 2019



Hilmir Þorvarðarson
frá Ólafshúsum
f. 26. sept 1934 - d. 7. des 2019

Leif Magnús Grétarsson Thisland
Skólavegi 37
f. 22 jan 2003 - d. 11. des 2019



Þóranna Haraldsdóttir
áður Hrauntúni 35
f. 30. janúar 1958 - d. 15. des 2019

Ólafur Ragnarsson
Eyjahrauni 5
f. 29. ágúst 1938 - d. 19. des. 2019

Kjartan Bjarni Kristjánsson
áður Landagötu 21
f. 9. apríl 1933 - d. 20. des. 2019



Bárður Árni Steingrímsson
áður Boðaslóð 12
f. 5. apríl 1945 - d. 26. des. 2019

Ásmundur Jónsson
áður Strembugötu 27
f. 28. ágúst 1928 - d. 31. des. 2019

Maríanna Sigurðardóttir
Búhamri 68
f. 8. sept. 1934 - d. 1. Jan. 2020

Elíza Þorsteinsdóttir
frá Valhöll, Strandveg 43
f. 28. ágúst 1946 - d. 1. jan. 2020

Wilaiwan Saitong
áður Brimhólabraut 35
f. 30. maí 1964 - d. 1. jan. 2020



Guðjón Traustason
frá Hjarðarfelli v/Vestmannabraut
f. 23. apríl 1943 - d. 4. jan. 2020

Sigurbjörg Ólafsdóttir
frá Sólheimum v/ Njarðarstíg
f. 12. des 1923 - d. 8. janúar 2020

Sigurjón Jónasson
áður Skaftafelli v/Vestmannabraut
f. 7. apríl 1929 - d. 8. janúar 2020

Elísabet Árnadóttir Möller
frá Skálholti v/ Urðaveg
f. 4. mars 1930 - d. 10. janúar 2020



Gísli Guðgeir Guðjónsson
áður Heiðarvegi 49
f. 12. ágúst 1944 - d. 10. janúar 2020

Ásta Finnbogadóttir
frá Vallartúni
f. 21. febr. 1927 - d. 11. janúar 2020



Sigurður Bjarnason
áður Flötum 16
f. 12. nóv. 1932 d. 17. janúar 2020

Rut Árnadóttir
áður Ásavegi 14
f. 24. maí 1933 - d. 18. jan 2020



Sigurður Kristinsson
áður Bröttugötu 19
f. 6. mars 1938 - d. 18. janúar 2020

Árný Freyja Alfreðsdóttir
frá Eystri - Vesturhúsum
f. 31. des. 1943 -d. 20. janúar 2020

Guðný Jóhanna Eyjólfsdóttir
áður Höfðavegi 32
f. 10. júlí 1936 - d. 24. janúar2020



Ástþór Runólfsson
frá Laufási
f. 16. ok. 1936 - d. 2. feb. 2020



Magnús Örn Guðmundsson
Foldahrauni 41 b
f. 7. des. 1956 - d. 4. febrúar 2020

Jóhanna Pálsdóttir
frá Héðinshöfða v/Hásteinsveg
f. 5. mars 1946 - d. 9. febrúar 2020

Sigurbjörn Friðrik Ólason
frá Hólmgarði v/ Vestmannabraut
f. 28. júní 1937 - d. 10. febrúar 2020



Ólöf Sjöfn Gísladóttir
áður Brekastíg 16
f. 30. nóv 1936 d. 11. febrúar 2020

Júlíus Kolbeins
áður Stóra-Hvammi, Kirkjuvegi 39
f. 26. júlí 1936 - d. 11. febrúar 2020



Helgi K. Hjálmsson
frá Bjarma v/ Miðstræti
f. 24. ágúst 1929 - d. 15. febrúar 2020

Birna Björgvinsdóttir
áður Helgafellsbraut 10
f. 7. júní 1940 d. 8. febrúar 2020



Ársæll Ársælsson
frá Fögrubrekku v/ Vestmannabraut
f. 8. apríl 1936 - d. 21. febrúar 2020

Fríður Jónsdóttir
frá Kirkjudal Skólavegi 45
f. 25. júní 1939 - d. 23. febrúar 2020

Helga S. Helgadóttir
frá Staðarhól v/ Kirkjuveg
f. 14. okt.1932 - d. 24. feb. 2020



Garðar Ingvarsson
frá Löndum
f. 10. apríl 1937 - d. 25. febrúar 2020



Friðþjófur Sturla Másson
Hraunbúðum - frá Valhöll
f. 25. mars 1927 - d. 26. febrúar 2020

Sigrún Ragnarsdóttir
Vesturveg 25b
f. 13. júlí 1942 - d. 9. mars 2020

Þórey Inga Jónsdóttir
Hásteinsvegi 62
f. 13. júní 1931 - d. 5. mars 2020



Gunnar Ólafsson
Bessahrauni 10
f. 12. des 1940 - d. 8. mars 2020



Guðjón Ármann Eyjólfsson
frá Bessastöðum
f. 10. janúar 1935 - d. 16. mars 2020



Sveinn Ármann Eyfell Eggertsson
áður Skólaveg 1 - Vöruhúsinu
f. 13. ágúst 1935 - d. 17. mars 2020

Alda Björnsdóttir
Hraunbúðum áður Túngötu 22
f. 4. júlí 1928 - d. 18. mars 2020

Sigfríð Valdimarsdóttir
áður Sólvangi Kirkjuvegi 29
f. 27. sept 1933 - d. 19. mars 2020

Ingibjörg S. Karlsdóttir
áður Ingólfshvoli v/ Landagötu
f. 7. nóv. 1934 - d. 22. mars 2020

Sigmar Rafnsson
áður Brimhólabraut 25
f. 6. janúar 1967 - d. 23. mars 2020

Eygló Svava Kristjánsdóttir
áður Áshamri 75
f. 22. apríl 1977 - d. 27. mars 2020

Jóhanna Unnur Gissurardóttir
Erlingson
áður Sólhlíð 19
f. 16. jan 1932 - d. 29. mars 2020

Viktoría Ágústa Ágústsdóttir
Smáragötu 9 - frá Aðalbóli
f. 9. október 1937 d. 4. apríl 2020

Björn Viðar Sigurjónsson
áður Faxastíg 5
f. 7. júní 1944 - d. 4. apríl 2020

Guðni Magnús Sveinsson
áður Sunnuhvoli v/ Miðstræti
f. 5. sept 1946 - d. 8. apríl 2020

Jóhanna Maggý Jóhannesdóttir
frá Vegg við Miðstræti
f. 28. maí 1931 - d. 14. apríl 2020

Erna Kristín Elíasdóttir
áður Hásteinsvegi 15 a
f. 21. mars 1926 - d. 17. apríl 2020



Kristinn Daníelsson
áður Heiðarvegur 34
f. 29. júní 1958 - d. 17. apríl 2020

Helga Valtýsdóttir
áður Strembugötu 10
f. 21. júlí 1928 - d. 19. apríl 2020

Svava Kristín Alexandersdóttir
áður Ásavegi 20 – frá Landamótum
f. 15. sept. 1929 d. 19. apríl 2020



Eiríkur H. Sigurgeirsson
áður Boðaslóð 26
f. 28. febrúar 1949 - d. 5. maí 2020

Erla Víglundsdóttir
Holti Ásavegi 2
f. 4. sept. 1944 - d. 9. maí 2020

Ágúst Guðmundsson
Strandvegi 30
f. 16. júní 1942 - d. 23. maí 2020



Kolbeinn Oddur Sigurjónsson
frá Hvoli v/ Urðaveg
f. 12. sept. 1932 - d. 27. maí 2020

Ásta Kristinsdóttir
frá Mosfelli
f. 5. okt 1934 - d. 30. maí 2020



Grétar Þorgilsson
Kleifahrauni 3a
f. 19. mars 1926 - d. 31. maí 2020

Sigríður Guðmundsdóttir
áður Brekastíg 33
f. 4. des. 1948 - d. 4. júní 2020

Gísli Matthías Sigmarsson
Faxastíg 47
f. 9. okt 1937 - d. 6. júní 2020

Þórunn Gunnarsdóttir
Bessahrauni 12
f. 7. mars 1939 - d. 12. júní 2020

Gréta Guðjónsdóttir
Hraunbúðum – frá Landamótum
f. 6. apríl 1938 - d. 20. júní 2020

Þórdís Vilborg Sigfúsdóttir
Baldurshaga áður Birkihlíð 1
f. 10. sept 1936 - d. 22. júní 2020

Sigurbjörn M. Theodórsson
Heimagötu 37
f. 4. júlí 1960 - d. 22. júní 2020

Heiðar Stefánsson
áður Áshamri 71
f. 12. ágúst 1963 - d. 3. júlí 2020

Kristrún Gísladóttir
áður Strembugötu 23
f. 2. mars 1952 - d. 6. júlí 2020

Hersir Mar Jónsson
áður Hilmisgötu 13
f. 28. des 1986 - d. 10. Júlí 2020

Þuríður Freysdóttir
áður Brimhólabraut 10
f. 25. nóv 1951 - d. 14. júlí 2020

Sigfús Einarsson
áður Kirkjuvegi 27
f. 11. ágúst 1951 - d. 14. júlí 2020

Kristín Andrea Schmidt
Sólhlíð 19
f. 31 mars 1935 - d. 18. júlí 2020

Úlfar Daníelsson
áður Höfðavegi 1
f. 18. ágúst 1959 - d. 23. júlí 2020

Sigurborg Elva Þórðardóttir
áður Brekastíg 15 c
f. 7. des. 1950 - d. 26. júlí 2020

Kristín Jóna Stefánsdóttir
Foldahraun 37
f. 6. júlí 1934 - d. 31. Júlí 2020



Sigurður Hjartarson
frá Hábæ
f. 7. febrúar 1930 - d. 1. ágúst 2020



Jón Kristján Sigursteinsson
áður Heiðarvegi 25
f. 4. apríl 1947 – d. 3. ágúst 2020



Halla Guðmundsdóttir
Litla-Landi við Kirkjuveg
f. 4. des 1939 - d. 8. ágúst 2020

Svanhvít Kjartansdóttir
áður Brimhólabraut 34
f. 1. mars 1933 - d. 12. ágúst 2020

Elísabet Bjarnason
áður Vestmannabraut 22
f. 8. apríl 1953 - d. 15. ágúst 2020



Sigurður Sigurðsson
frá Vatnsdal
f. 22. júlí 1928 - d. 16. ágúst 2020

Sveinn Stefánsson
frá Mörk v/ Hásteinsveg
f. 19. Júní 1956 - d. 17. ágúst 2020

Aðalheiður Sigurjónsdóttir
frá Þingeyri v/Skólaveg
f. 16. maí 1926 - d. 19. ágúst 2020

Viktor Þór Úraníusson
frá Ólafshúsum
f. 27. janúar 1942 - d. 27. ágúst 2020

Ása Hólmfríður Sigurjónsdóttir
Strandvegi 30
f. 2. nóv.1944 - d. 28. ágúst 2020



Trausti Eyjólfsson
frá Breiðabakka
f. 19. febrúar 1928 - d. 30. ágúst 2020

Ester Anna Aradóttir
frá Akurey v/ Vestmannabraut
f. 3. mars 1927 - d. 2. sept. 2020

Guðný Helga Guðmundsdóttir
áður Kirkjubæjarbraut 11
f. 22. nóv. 1968 - d. 5. sept. 2020

Guðrún Jónsdóttir
frá Húsavík v/Urðaveg
f. 19. mars 1925 - d. 5. sept. 2020



Axel P. J. Einarsson
áður Breiðabliksvegi 3
f. 27. okt. 1947 - d. 5. sept. 2020

Georg Sigurðsson
Eyjahraun 8
f. 23. janúar 1930 – d. 6. sept. 2020

Svala Vatnsdal Hauksdóttir
Haukabergi v/Vestm.braut
f. 4. ágúst 1939 - d. 11. sept. 2020

Auður Finnbogadóttir
Herjólfsgötu 8
f. 19. mars 1960 – d. 15. sept. 2020



Theódór S. Ólafsson
Bessahrauni 6
f. 14. maí 1933 - d. 16. sept. 2020

Þorsteinn Laufdal
áður Túngötu 27
f. 8. nóv. 1930 – d. 19. sept. 2020

Friðrikka Svavarsdóttir
Áshamri 19
f. 13. maí 1945 – d. 5. október 2020

Hörður Adólfsson
áður Brekastíg 24
f. 28. mars 1950 - d. 6. október 2020

Páll Róbert Óskarsson
Faxastíg 9 – frá Gamla spítalanum
f. 10. júní 1946 – d. 13. október 2020

Ásgeir Ingi Þorvaldsson
Hraunbúðum,
áður Kirkjubæjarbraut 1
f. 16. Júlí 1948 – d. 16. október 2020

Guðbjörg Benjamínsdóttir
áður Bröttugötu 19
f. 18. maí 1935 – d. 23. október 2020

Ólafur Guðmundsson
áður Hilmisgötu 1
f. 11. maí 1934- d. 24. október 2020



Kristinn Guðni Ragnarsson
áður Hátúni 2
f. 8. des. 1962 – d. 25. október 2020

Helena Bjargey Sigtryggsdóttir
áður Strembugötu 16
f. 25. mars 1946 – d. 26. október 2020

Kristín Sigurlásdóttir
Kleifarhrauni 1 b – frá Reynisstað
f. 28. apríl 1935 – d. 27. október 2020



Anna H. Sigurjónsdóttir
frá Hjalla v/ Vestmannabraut
f. 19. feb. 1930 – d. 29. okt. 2020

Viktoría Karlsdóttir
Áshamri 3f
f. 6. nóv. 1939 – d. 31. október 2020

Auður Kristinsdóttir
áður Faxastíg 6 - Betel
f. 30. apríl 1926 - d. 8. nóv. 2020

Ingi Páll Karlsson
áður Boðaslóð 11
f. 8. júní 1945 – d. 15. nóvember 2020



Leó Jóhannsson
áður Hásteinsvegi 33
f. 12. mars 1981 - d. 17. nóv. 2020

Jórunn Þorgerður Bergsdóttir
Hraunbúðum – áður Brekkugötu 1
f. 22. sept. 1935 - d. 17. nóv. 2020

Jón Ingi Steindórsson
Miðstræti 11
f. 4. janúar 1938 – d. 20. nóv. 2020

Helena Björg "Baddý"
Guðmundsdóttir
frá Landlyst
f. 2. maí 1936 – d. 22 nóv. 2020



Örn Aanes
frá Þrúðvangi v/Skólaveg
f. 18. nóv. 1932 - d. 3. des. 2020

Guðlaugur Grétar Björnsson
Austurgerði 1
f. 10. júní 1950 - d. 7. des. 2020



Ragnar Jóhannesson
Hólagötu 34
f. 30. júní 1932 - d. 10. des. 2020

Frá ritnefnd Jólablaðs Fylkis

Með þessu jólablaði lýkur 72. árgangí.Fylkir hóf göngu sína 18. mars 1949. Þátturinn Látnir kvaddir hefur fylgt jólablaði Fylkis frá 1975. Hugmyndina að þættinum og sá sem kom henni í framkvæmd var Páll Scheving frá Hjalla (1904-1990) Hann var ritstjóri Fylkis 1972-1977 . Í eldgosinu á Heimaey 1973 dreifðist Eyjafólk um land allt sem eðlilegt var við slíkar aðstæður og fjölmargir íbúar fluttu ekki á ný til Eyja eftir gos. Það var kveikjan að þessum þætti í blaðinu. Á þeim 45 árum sem liðin eru hafa birst í Látnir kvaddir upplýsingar og ljósmyndir af fólki sem búið hefur í Eyjum í lengri eða skemmri tíma og látist hefur á árinu. Í heild eru þetta um 3700 ljósmyndir .

Margir aðilar hafa aðstoðað okkur við öflun ljósmynda og upplýsinga í þáttinn á liðnum áratugum. Bjarney Erlendsdóttir - Baddý frá Ólafshúsum hefur undanfarin 25 ár annast öflun upplýsinga í þáttinn og eru henni færðar innilegar þakkir fyrir alla sína vinnu. Fjölmargir aðrir hafa á hverjum tíma komið upplýsingum á framfæri við ritnefnd . Á síðustu árum hefur færst mjög í vöxt að útfarir fari fram í kyrrþey. Hefur þessi þróun haldið áfram á COVID tímum þegar strangar fjöldatakmarkanir eru í gildi.

Við öflun ljósmynda í þáttinn Látnir kvaddir hefur ljósmyndadeild Morgunblaðsins gegnt lykilhlutverki til áratuga og útvegað mikinn meirihluta ljósmynda. Þá hafa fleiri lagt hönd á plóginn. Ritnefnd Fylkis þakkar sérstaklega Maríu Lilju Moritz Viðarsdóttur, þjónustustjóra á ljósmyndadeild Mbl. fyrir einstaka lipurð í öllum samskipum við útvegum ljósmynda. Þá þökkum við greinarhöfundum og auglýsendum að gera útgáfu Jólablaðsins mögulega. Að eiga aðgang að öflugum greinarhöfundum er ákaflega dýrmætt. Jólablaðið hefur lagt áherslu á skrif um sérstöðu Eyjamanna, með þáttum um Hús og fólk, viðtölum og skrifum um menningarleg verðmæti sem annars eiga á hættu að gleymast. Að endingu er starfsfólki Eyjasýnar og Landsprents þakkað fyrir mjög gott samstarf við vinnslu blaðsins.

Fh. ritnefndar Arnar Sigurmundsson, ritstjóri JólaFylkis.


Himneskt
Konfekt frá Nóa Síríusi tilheyrir
öllum hátíðarstundum.
Konfektið sem alltaf er gott að gefa
og himneskt að þiggja.
NÓI SÍRÍUS

GLEÐILEG JÓL
Egils
MALT
APPELSÍN
MALTEXTRAKT
Egils
APPELSÍN
Ást við fyrstu sýn
Egils Malt og Appelsín


Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
SS
fremstir
fyrir bragðið

Sendum Vestmannaeyingum
og viðskiptavinum okkar,
bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Pökkum viðskiptin
á liðnum árum!
VESTMANNAEYJUM
ICELAND
Karl Kristmanns
Umboðs- og heildverslun ehf.